

Skrá sig í hrönnum í gagnagrunn yfirvalda

HEILBRIGÐISMÁL Um fjögur hundruð Íslendingar erlendis hafa skráð sig á tæpum sólarhring í gagnagrunn utanríkisráðuneytisins vegna COVID-19 veirunnar. „Þessar viðtökur komu okkur í raun í opna skjöldu,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Markmiðið með gagnagrunninum er að yfirvöld geti með skjótum hætti komið upplýsingum til Íslendinga sem staddir eru á erlendri grundu. „Það er ekki ætlunin að vera með daglegar uppfærslur á stöðu mála, heldur frekar að tilkynna fólki um mikilvægar breytingar á stöðu mála þar sem það er statt,“ segir Sveinn.

Það er greinilegt að útbreiðsla veirunnar er ofarlega í huga þeirra sem staddir eru utan landsteinanna.

Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi



Hann segir að skráningar hafi borist frá öllum heimshornum en þó flestar frá Tenerife. „Það þarf ekki að koma neinum á óvart. En að auki hafa borist skráningar frá Danmörku, Tailandi og Rúanda svo einhver lönd séu nefnd. Það er greinilegt að útbreiðsla veirunnar er ofarlega í huga þeirra sem staddir eru utan landsteinanna,“ segir Sveinn.

Sóttvarnalæknir hefur varað við ónaudsynlegum ferðum til Suður-Kóreu, Írans, Kína og fjögurra héraða á Norður-Ítalíu. Ekki er mælt til þess að fólk hætti við ferðir til Tenerife, en hvatt er til sérstakrar varúðar þegar ferðast er til eyjunnar sólríku. Það sama gildir um ferðir til annarra svæða á Ítalíu og til Japans, Singapúr og Hong Kong.

Alls hafa 38 einstaklingar verið rannsakaðir af sýkla- og veirufræðideild hér á landi vegna gruns um smit, en enginn þeirra reyndist vera með veiruna.

Í gær staðfesti utanríkisráðuneytið að tíu Íslendingar væru í sóttkví á H10 Costa Adeje Palacehótelinu á Tenerife. Fjögur staðfest smit hafa komið upp á hotelinu. – bþ



Ragnar Bjarnason

1934 - 2020

Þjóðin syrgir hinn ástsæla Ragnar Bjarnason sem lést í fyrrakvöld. Sjá síðu 32 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kostnaður fór langt fram úr áætlunum

ÁRBORG Bæjarstjórn Árborgar deilir nú um hvernig staðið var að endurbótum á Ráðhúsinu.

Hófust þær árið 2019 og féllu ekki innan þáverandi fjárhagsáætlunar og hafa síðan farið langt fram úr kostnaðaráætlun.

Sagt er að upphaflega hafi verið samþykkt að veita 5 milljónir króna til vissra verka, en að framkvæmdin hafi undið verulega upp á sig og endi í um 100 milljónum.

Þetta er sama óráðsía og í borgarstjórn Reykjavíkur.

Gunnar Egilsson, oddviti Sjálfstæðismanna



Minnihluti Sjálfstæðismanna vill að gerð verði óháð úttekt á embættisfærslum vegna framkvæmdanna. Skoðað verði hvort farið hafi verið að ákvæðum sveitarstjórnarlaga um valdmörk, hvort útboðsskylda hafi verið virt og hvernig staðið var að vali á arkitektastofunni sem kom að verkinu. – khg / sjá síðu 4

Mikil áhrif kórónaveiru á þjóðarbúið

VIÐSKIPTI Úrvalsvisitalan hefur lækkað um rúmlega 6 prósent frá byrjun vikunnar, eftir því sem COVID-19 kórónaveiran hefur breiðst út um Evrópu. Hagfræðingar segja hættu á töluverðum neikvæðum áhrifum á ferðaþjónustu og utanríkisviðskipti. Áhrifin geti þrýst á stjórnvöld að bregðast við með afgerandi hætti.

Þetta er náttúrulega mjög erfið tímasetning fyrir íslenska þjóðarbúið sem var þegar komið í afturkipp.

Yngvi Harðarson


„Þetta er náttúrulega mjög erfið tímasetning fyrir íslenska þjóðarbúið sem var þegar komið í afturkipp,“ segir Yngvi Harðarson, framkvæmdastjóri greiningarfyrirtækisins Analytica, í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að kórónaveiran geti haft mikil áhrif í gegnum ferðaþjónustuna á meðan margir treysta sér ekki til að ferðast. – bfh / sjá síðu 8



Hefur þú prófað nýju kjúklíngasteikurnar?

Hella
KJÚKLÍNGUR

Veður



N- og NA, víða 10-18 m/s í dag. Éi N- og A-lands, en bjart veður á Suður- og SV-landi. Frost 0 til 9 stig. Snjóköma með köflum við SSV-ströndina, annars úrkomulítið og kalt í veðri. **SJÁ SÍÐU 22**

Íslenskan þarf ekki á stífum reglum að halda

STJÓRNSÝSLA Samkvæmt nýju frumvarpi dómsmálaráðherra er lagt til að mannanafnanefnd verði lögð niður í núverandi mynd. Helstu breytingar verða þær að felldar verða niður reglur um að eiginnöfn skuli geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða unnið sér hefð í íslensku máli. Einnig er fellt brott ákvæði um að nafn megi ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi og að það skuli ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls, nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess. Þá er það nýmæli lagt til í frumvarpinu að heimilt verði að taka upp ættarnöfn, en það hefur ekki verið lagalega heimilt frá lagasetningu 1925.



Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor.

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslensku málfræði við Háskóla Íslands, lýsir yfir stuðningi við frumvarpið, í umsögn sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda. Í umsögninni bendir Eiríkur á að réttur manns til nafns sé mjög ríkur og því telji hann nauðsyn á auknu frelsi. Það muni ekki skaða íslenska tungu, að mati prófessorsins.

Að hans mati eiga erlend mannanöfn þegar greiða leið inn í tungumálið og telur hann þau sérstakan og afmarkaðan hluta tungumálsins að ekki sé líklegt að þau hafi veruleg áhrif á aðra þætti þess.

Að mati Eiríks er æskilegt að viðhalda þeirri menningarhefð að Íslendingar kenni sig við föður eða móður. „Hefðir eru lítills virði nema samfélagið þar sem þær gilda hafi áhuga á að halda í þær. Hefð sem þarf að viðhalda með lögum er ekki hefð – heldur nauðung,“ segir Eiríkur. – bp

Kötturinn sleginn út tunnunni



Stuð og stemning var á Glerártorgi á Akureyri í gær þegar börn klædd upp sem hinar ýmsu kynjaverur slógu köttinn úr tunnunni á sjálfan öskudag. Lóng hefð er fyrir tunnuslættinum í bænum en um er að ræða danskan sið sem barst hingað til lands á nitjándu öld. Þá var raunin þó sú að dauður köttur eða hrafn var í tunnunni en akureyrsku börnunum til mikillar gleði var tunnan í gær litrík og full af sælgæti. **FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Nýtt hlaðvarp um uppeldismál

HLAÐVARP Félagið Meðvitaðir foreldrar er hópur áhugasólsks um virðingarríkt uppeldi. Það hefur starfað í um tvö ár og heldur nú úti hlaðvarpinu Virðing í uppeldi.

„Þessi nálgun í uppeldi snýst um að nálgast hegðun og þroska barnsins af virðingu og setja sambandið við barnið í fyrsta sæti,“ segir Guðrún Birna le Sage, einn af félögum hópsins. „Þetta snýst um viðhorfsbreytingu og að innleiða grunn-gildin virðingu, traust og tengsl.“

Foreldramorgnarnar félagsins eru á Kaffi Laugalæk. „Smátt og smátt vatt vinnan upp á sig við undirbúning foreldramorgna og upp kom hugmyndin um að vera með hlaðvarp,“ segir Guðrún Inga Torfadóttir.

Þættirnir eru nú 25. Tekur nýjasti þátturinn fyrir Alfie Kohn og hugmyndir hans um refsingar, verðlaun og skilyrðislaust uppeldi.

Þátturinn er á Hlaðvarpi Fréttablaðsins, Spotify og iTunes. – atv / nánar á frettabladid.is

Opna vefverslun með handverksmuni fanga

Koddaver, ofnhanskar og óróar eru meðal þess sem selja á í vefverslun með handverksmuni eftir fanga sem hefur verið undirbúin frá því í haust. Eflir sjálfmynd og styrkir fanga fyrir endurkomu út í samfélagið, segir verkstjóri.

FANGELSISMÁL Fangar á Hólmsheiði hófu hönnun og framleiðslu á handverki í nóvember og verður brátt opnuð vefverslun þar sem afurðirnar verða seldar. Ber verkefnið heitið Fangaverk og er í umsjá Auðar Guðmundsdóttur verkstjóra.

Á Hólmsheiði er pláss fyrir 56 fanga, bæði karla og konur, og Auður segir að í kringum 25 hafi verið virk í verkefninu. „Þetta hefur gengið mjög vel. Þau eru öll mjög hugmyndaþrik,“ segir Auður en í Fangaverki fá fangarnir útrás fyrir sköpunargleðina.

Vörurnar eru af ýmsum toga, svo sem þrjónaðar húfur, vasar, kertastjakar, fjölnota bómullarskífur og pokar, óróar, koddaver, ofnhanskar, málverk og margt fleira. Allt handmálað og unnið á staðnum frá grunni.

Íslensku fangelsin eru í auknum mæli farin að huga að umhverfismálum og endurnýtingu. Ber verkefnið sterkan keim af því. „Í steypuna notum við mjólkurfernur, skyrfurnar og fleira sem við endurnýtum innandyra. Það er safnað í verkefnið á öllum göngunum hérna og öllum þykir svolítið vænt um þetta,“ segir Auður. Einnig hefur fangelsið fengið efni og fönðurvörur frá fyrirtækjum.

Samkvæmt Auði hefur fangelsinu á Hólmsheiði gengið frekar illa að fá verkefni fyrir fangana og þess vegna var farið af stað með handverkið. Að selja vörur beint úr fangelsinu. Hún segir miklu máli skipta að fangar séu virkir og eru þeir hvattir til að taka þátt. „Þetta hefur heilmikla þýðingu fyrir þau, að hafa eitthvað fyrir stafni í stað þess að hanga inni í klefa og bíða eftir að tíminn líði. Sjálfstraustið og sjálfmyndin



Handverksmunir fanga á Hólmsheiði bera ríkri hugmyndaauðgi þeirra vitni.

Þetta hefur heilmikla þýðingu fyrir þau, að hafa eitthvað fyrir stafni í stað þess að hanga inni í klefa og bíða eftir að tíminn líði.

Auður Guðmundsdóttir, verkstjóri

eflist og þau fá tækifæri til að nýta hæfileikana,“ segir hún. Einnig að það hjálpi þeim þegar þau koma út í samfélagið aftur.

Þó að vefverslunin sjálf sé ekki

farin í loftið segir Auður að lítið mál sé að nálgast vörurnar strax og bendir áhugasömum á netfangið [sitt audur@fangelsi.is](mailto:audur@fangelsi.is). Hún geti einnig svarað spurningum um verkefnið og vörurnar.

Fangelsið á Hólmsheiði var tekið í notkun árið 2016 og var áhersla lögð á mannúðlega hönnun við byggingu þess. Alls eru átta deildir í fangelsinu. Á Hólmsheiði er langtímavistun fyrir konur og skammtímavistun og gæsluvarðhald fyrir karla. Auk handverksins starfa fangar einnig við samsetningar, þökkun, viðhald og getað stundað nám. kristinnhaukur@frettabladid.is

PLUG & PLAY

HITAVEITUSKELJAR

- Tilbúin til notkunar
- Tengja 2 rör
- Eyðir minna vatni



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKI 1
SÍMI 7772000

+PLÚS



Öskudagur

Börn um land allt klæddu sig upp í grimubúninga í gær og skemmtu sér í tilefni öskudags. Hefð er fyrir því víða að ganga í verslanir og fyrirtæki og syngja fyrir sælgaði. Þessi börn á Akureyri og í Reykjavík voru ánægð með daginn og brostu út að eyrum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.





Stúlkan með drekatattúid ræðir æskuárin á Íslandi

Fyrsti gesturinn í nýjustu þáttaröð af **Með Loga** er Hollywood-leikkonan **Noomi Rapace**. Margir þekkja sænsku stórstjörnuna sem Lisbeth Salander í Millenium-þrileiknum en færri vita að fyrsta hlutverk hennar var í víkingamyndinni Í skugga hrafnsins. Rapace ræðir við Loga um æskuminningarnar og fleira – á íslensku.

Þátturinn kemur á fimmtudag
í **Sjónvarp Símans** Premium.



MEÐ LOGGA



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Raggi Bjarna látinn 85 ára að aldri Ragnar Bjarnason, betur þekktur sem Raggi Bjarna, einn ástsælasti söngvari og skemmtikraftur Íslendinga, er látinn.

2 Viðbúnaður vegna veikinda í vél Icelandair Viðbúnaður var á Keflavíkurflugvelli vegna veikinda sjúklings um borð í vél Icelandair frá Amsterdam.

3 Kennari á Egilsstöðum í sóttkvi eftir ferðalag til Ítalíu Kennarinn hafði verið á Ítalíu, en landlæknir hefur mælt með því að allir sem hafa heimsótt ákveðin héruð Ítalíu hafist við í fjórtán daga sóttkvi.

4 Segja óvirðingu Stöðvar 2 takmarkalausa eftir viðtal Íslands í dag Stuðningshópur ólöggráða barns, alls um 80 konur, gagnrýnir Stöð 2 harkalega fyrir að birta „einhliða drottningarviðtal“ við Kolbrúnu Önnu Jónsdóttur.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Þjónusta flutt út fyrir 691 milljarð

EFNAHAGSMÁL Vöru- og þjónustujöfnuður síðasta árs var jákvæður um rúma 140 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofunni. Árið 2018 var þessi jöfnuður jákvæður um 84 milljarða.

Í lok janúar var greint frá því að vöruútflutningur síðasta árs hefði numið rúmum 641 milljarði en innflutningur tæpum 753 milljörðum. Nú eru komnar tölur fyrir þjónustuvíðskiptin, en alls nam útflutningur þjónustu á síðasta ári rúmum 691 milljarði en innflutningur þjónustu nam rúmum 452 milljörðum.

Þjónustujöfnuður var því jákvæður á síðasta ári sem nemur um 239 milljörðum miðað við tæpa 247 milljarða árið 2018.

Ferðaþjónusta stóð undir tæplega helmingi þjónustuútflutnings síðasta árs eða tæpum 331 milljarði. Þjónustuútflutningur til Evrópu nam um 350 milljörðum og þar af til Bretlands um tæpa 82 milljörðum. Þá var þjónusta flutt út til Bandaríkjaanna fyrir tæpa 202 milljarða. – sar

Nýskráningum erlendra ríkisborgara fer fækkandi

LÝÐFRÆÐI Á fjórða ársfjórðungi 2019 voru 1.287 nýskráðir, erlendir ríkisborgarar hér á landi en samkvæmt tölum á vef Þjóðskrár Íslands, sem ná aftur til ársins 2016 hafa færri erlendir ríkisborgarar ekki verið skráðir hér á landi á tímabilinu.

Á þriðja ársfjórðungi árið 2017 voru skráðir 3.306 erlendir ríkisborgarar og allt það ár voru þeir 10.515 talsins. Heildarfjöldi ný-

» Á fjórða ársfjórðungi árið 2019 voru 1.287 nýskráðir erlendir ríkisborgarar hér á landi.

skráðra, erlendra ríkisborgara í fyrra var 7.900, sem er fækkun um tæp 25 prósent frá því árið 2017.

Á fjórða ársfjórðungi árið 2019 voru skráðir 1.115 nýfæddir ein-

staklingar samkvæmt Þjóðskrá. Það er 124 færri en á þriðja ársfjórðungi sama ár. Þá voru nýskráð 67 íslensk börn fædd erlendis, á þriðja ársfjórðungi voru þau 134.

Tilkynnt var um 635 andlát á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Fleiri andlát hafa ekki verið skráð ársfjórðungslega síðan árið 2016. Í fyrra var heildarfjöldi skráðra andláta 2.378 og árið áður voru þau 2.346. – bj



7.900 erlendir ríkisborgarar voru nýskráðir 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Harðar deilur um endurbætur

Kostnaður við endurbætur á Ráðhúsinu í Árborg er langt fram úr áætlunum. Minnihlutinn í bæjarstjórn vill rannsókn. Meirihlutinn segir aðkomu sveitarstjóra Bláskógabyggðar að málinu vera á gráu svæði.

ÁRBORG Bæjarstjórn Árborgar deilir nú um hvernig staðið var að endurbótum á Ráðhúsinu. Hófst þær árið 2019 og féllu ekki innan þáverandi fjárhagsáætlunar og hafa síðan farið langt fram úr kostnaðaráætlun.

Sagt er að upphaflega hafi verið samþykkt að veita 5 milljónir króna til vissra verka, en að framkvæmdin hafi undið verulega upp á sig og endi í um 100 milljörðum.

Minnihluti Sjálfstæðisanna vill að gerð verði óháð úttekt á embættisfærslum vegna framkvæmdanna. Skoðað verði hvort farið hafi verið að ákvæðum sveitarstjórnarlaga um valdmörk, hvort útboðsskylda hafi verið virt og hvernig staðið var að vali arkitektastofunnar Plan 21. Gunnar Egilsson, oddviti þeirra, segist vilja vita hvar í stjórnsýslunni þetta hafi verið ákveðið.

Í svari við fyrirspurn minnihlutans í byrjun febrúar kom fram að kostnaðurinn var rúmar 65 milljónir árið 2019. „Þetta er komið í 85 núna og á eftir að fara yfir 100, því það á eftir að taka alla efri hæðina og fleira,“ segir Gunnar. „Þetta er sama óráðsía og í borgarstjórn Reykjavíkur.“

Kom einnig fram að samstarf við Plan 21 hefði komist á þegar sviðsstjórnar funduðu með hönnuðum.

Í grein Gísla Halldórssonar sveitarstjóra frá því í gær segist hann hins vegar hafa tekið ákvörðunina og kynnt fyrir sviðsstjórn. Í sömu grein segir Gíslu mistök hafa verið gerð er dróst að setja víðauka við fjárhagsáætlunina en breytingarnar hafi verið mjög aðkallandi. Þá biðst hann afsökunar á því að ekki hafi verið tekið tillit til hönnunarkostnaðar arkitekta, sem var um 20 milljónum króna hærri en búist var við.

Eggert Valur Guðmundsson, formaður bæjarráðs, segir að verkið



Framkvæmdin hefur undið upp á sig og mun að öllum líkindum enda í um 100 milljörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Persónulega og siðferðislega finnst mér að hún hefði átt að segja af sér sem fulltrúi hér þegar hún tók að sér sveitarstjóra-stöðuna.

Eggert Valur Guðmundsson, formaður bæjarráðs



hafi ekki verið boðið út, þar sem það hafi verið talið innan útboðsreglna. „Það var ekki ákveðið hversu langt ætti að fara í þessum áfanga.“

Meirihluti Framsóknarflokks, Miðflokks, Samfylkingar og Áfram Árborg, hefur gert breytingartillögu um óháða úttekt á eldri framkvæmdum, er Sjálfstæðisflokkur var við völd, svo sem viðbyggingu skóla og gatnagerð. Eggert kveður það til að nýta samlegðaráhrif. Ekkert sé að því að taka út Ráðhúsið.

Þá gerir meirihlutinn einnig athugasemd við aðkomu Ástu Stefánsdóttur, varabæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem jafnframt er sveitarstjóri í Bláskógabyggð.

„Þegar við fengum tillöguna senda komumst við að því að Ásta var höfundur skjalsins,“ segir Egg-

ert. „Okkur finnst á gráu svæði að sveitarstjóri í nágrennasveitarfélagi sé að blanda sér með þessum hætti í stjórnmálin í Árborg. Persónulega og siðferðislega finnst mér að hún hefði átt að segja af sér sem fulltrúi hér þegar hún tók að sér sveitarstjórastöðuna. En hún hefur rétt á þessu og á lögheimili hér.“ Bendir hann á að Árborg sé í alls kyns samstarfi við Bláskógabyggð.

Gunnar segir meirihlutann fara í manninn en ekki málefnið og hafnar því að aðkoma Ástu sé óeðlileg. „Hún er varabæjarfulltrúi og við vinnum greinarnar saman. Þetta er argasti dónaskapur. Manneskjan býr herna, borgar sín gjöld og var kosin,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

jeep.is

ALVÖRU LÚXUSJEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

STADALBÚNAÐUR M.A.:

- Leðurklætt aðgerðastýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bi-Xenon LED framljós með þvottakerfi
- 3.0 V6 250 hö. dísel, 8 gíra sjálfskipting
- 570 Nm tog

- Hátt og lágt drif
- Læsing í afturdrifi
- Hlíðarplötur undir vél, kössum og skiptingu
- Loftpúðafjöðrun
- Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
- Blindhornsvörn

LISTAVERÐ FRÁ: 11.490.000 KR.

Tilboðsbílar á góðu verði



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



Rnr. 130209

KIA Niro Hybrid EX
Nýskr. 03/17, ekinn 35 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.790.000 kr.

34.521 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 392273

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 05/17, ekinn 76 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.

43.089 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146273

DACIA Duster Comfort 2wd
Nýskr. 10/18, ekinn 40 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

30.849 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146454

SUZUKI Vitara GLX
Nýskr. 05/16, ekinn 86 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

30.849 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*




Rnr. 392251

HYUNDAI ix35 Comfort
Nýskr. 10/14, ekinn 104 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

22.281 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110249

RENAULT Captur Intens
Nýskr. 09/16, ekinn 47 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.990.000 kr.

24.729 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146114

FORD Grand C-Max Collection
Nýskr. 02/18, ekinn 16 þ.km,
bensín, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.390.000 kr.

29.625 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146066

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 01/18, ekinn 49 þ.km,
dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.190.000 kr.

39.417 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146053

RENAULT Koleos Zen 4wd
Nýskr. 05/18, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.390.000 kr.

54.104 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145987

NISSAN Pulsar Acenta
Nýskr. 04/17, ekinn 74 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.690.000 kr.

21.057 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145968

HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 06/16, ekinn 108 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.390.000 kr.

41.865 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145977

BMW X3 Xdrive20d
Nýskr. 04/15, ekinn 72 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.290.000 kr.

52.880 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145862

NISSAN X-Trail Acenta 4wd
Nýskr. 06/16, ekinn 103 þ.km,
dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

30.849 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110095

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 06/17, ekinn 78 þ.km,
dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

30.849 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145837

HYUNDAI Tucson Classic 4wd
Nýskr. 06/18, ekinn 57 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.

43.089 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Allt að 80% lán



Ástandsskoðun



Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaða frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Engin stefna borist Torgi

FJÖLMIÐLAR Torgi ehf., sem gefur út Fréttablaðið, hefur ekki borist stefna frá Sýn en í ársreikningi félagsins fyrir árið 2019 kemur fram að Sýn geri kröfu á hendur Ingibjörgu Pálmadóttur, Jóni Ásgeiri Jóhannssyni, 365 hf. og Torgi ehf. á grundvelli samkeppnisákvæða í kaupsamningi Sýnar hf. við 365 hf.

Að því er fram kemur í ársreikningnum er því lýst að tilteknir þættir í starfsemi fréttablaðið.is samrýmist ekki þeim skuldbindingum sem fram komu í kaupsamningnum.

„Þá er vísað til þess að umrædd ákvæði feli í sér rétt Sýnar hf. til að krefjast févitis/dagsekta að fjárhæð 5 millj. kr. á dag að viðbættum verðbótum,“ segir enn fremur, en krafa Sýnar nemur 1.140 milljón krónum, auk verðbóta.

„Við sjáum ekki hvernig fyrirhuguð stefna gæti tengst Torgi,“ segir Jóhanna Helga Viðarsdóttir, forstjóri Torgs ehf. Þá hafi engum af eigendum eða stjórnendum Torgs ehf. verið birt stefna, en samkvæmt ársskýrslu Sýnar hefur lögmanni verið falið að undirbúa höfðun dómsmáls. – **fb1**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Auðar götur á Norður-Ítalíu



Það er ekki mikið um mannaferðir í Milanó á Ítalíu þessa dagana eftir að tilfellum COVID-19 veirunnar fjölgaði úr sex í tæp fjögur hundruð á örfáum dögum. Tólf höfðu látið lífið af völdum veirunnar á Ítalíu í gær og eru nú flest smit innan Evrópu þar. Öll tilföllin á Ítalíu hafa komið upp í norðurhéraðum landsins þar sem ýmsum opinberum stofnunum, eins og kirkjum, skólum og söfnum hefur verið lokað. Þá hefur tólf bæjum á svæðinu verið lokað með vegatálmum og engum er hleypi inn eða út. Þeim sem hafa komist í snertingu við smitaða, hefur verið komið í einangrun. MYND/GETTY

Konur í meirihluta í stórum listastofnunum

Fleiri konur en karlar starfa hjá Þjóðleikhúsinu, Íslensku óperunni, Borgarleikhúsinu, Íslenska dansflokknunum og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá eru framkvæmdastjórar og stjórnendur fjögurra þessara stofnana konur.

MENNING Árið 2019 voru konur meirihluti starfsmanna hjá fimm sviðslistastofnunum sem Fréttablaðið leitaði upplýsinga hjá um kynjaskiptingu starfsfólks. Stofnanirnar sem um ræðir eru Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Íslenski dansflokkurinn, Íslenska óperan og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Í Þjóðleikhúsinu störfuðu 279 manns í fyrra, 118 konur og 114 karlar. Fastráðnir starfsmenn voru 95 en aðrir voru verkefnaráðnir eða í tímavinnu. Af leikurum sem störfuðu við Þjóðleikhúsið voru 26 karlar og 24 konur. Í Borgarleikhúsinu störfuðu 227 manns, 123 karlar og 204 konur. Af leikurum við Borgarleikhúsið voru 57 karlar og 27 konur.

Í jafnréttisstefnu Borgarleikhússins kemur fram að stefna leikhússins sé að jafna hlutföll kynja meðal starfsfólks. Þá kemur fram í jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins að stefnt sé að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í ýmsum störfum innan leikhússins.

Hjá Íslenska dansflokknunum starfa fimmtán manns í fjórtán og hálfu stöðugildi. Þar af eru níu konur og sex karlar. Tíu dansarar starfa hjá flokknum, sjö konur og þrjú karlar. Fimm starfsmenn eru hjá Íslensku óperunni, ýmist í heilum stöðum eða í hlutastörfum. Fjórar konur og einn karl. Í þeim fjórum uppfærslum sem Óperan setti upp á síðasta ári voru fimm konur í aðalhlutverkum og fjórir karlar.

Starfsárið 2019-2020 störfuðu 104 manns hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, 57 konur og 47 karlar.



55 prósent allra þeirra sem starfa hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands eru konur. Hljómsveitina skipa 90 manns, 47 konur og 43 karlar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hljómsveitarmeðlimir eru 90 talsins, 47 konur og 43 karlar, þá sinntu tíu konur öðrum störfum innan Sinfóníunnar og fjórir karlar.

Tuttugu og þrjú leikskáld störfuðu hjá Borgarleikhúsinu á síðasta ári, þrettán karlar og tíu konur. Þá leikstýrðu sjö karlar og þrjú konur hjá leikhúsinu og þrjár konur. Í Þjóðleikhúsinu leikstýrðu tólf karlar verum sem sýnd voru á síðasta ári og níu konur.

Hjá fjórum af fimm þessara stofnana þar sem Fréttablaðið leitaði eftir upplýsingum um kynjahlutfall eru konur starfandi framkvæmdastjórar. Konur eru framkvæmdastjórar Íslensku óperunnar, Borgarleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóð-

leikhússins. Framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins er Hlynur Páll Pálsson.

Fréttablaðið leitaði einnig upplýsinga hjá Leikfélagi Akureyrar en þar er aðeins einn fastráðinn starfsmaður, Marta Norðdal leikhússtjóri. Leikarar hjá leikfélaginu og aðrir listamenn eru verkefnaráðnir.

Kona er starfandi leikhússtjóri hjá Borgarleikhúsinu, Brynhildur Guðjónsdóttir, og karl hjá Þjóðleikhúsinu, Magnús Geir Þórðarson. Steinunn Birna Ragnarsdóttir er óperustjóri, Erna Ómarsdóttir er listdansstjóri Íslenska dansflokksins og Anna Sigurbjörnsdóttir er tónleikastjóri Sinfóníunnar.

birnadrofn@frettabladid.is

KRÓNAN
Mmm...
mangó
best núna!

Krónan mælir með!

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Day.



Night.

Day.



Night.

Day.



Night.

Day.



Night.

CLARINS

Veglegur kaupauki fylgir ef keyptar eru Clarins vörur fyrir 7.900 krónur eða meira.*

*Gildir á meðan birgðir endast.

*Innihald kaupaukans: Toning Lotion with Camomile 50 ml, Beauty Flash Balm 15 ml, Milky Boost 10 ml, Lip Milky Mousse 5 ml og Supra Volume Mascara.



**VERTU VELKOMIN Á CLARINS KYNNINGU Í VERSLUNUM
HAGKAUPS DAGANA 27. FEBRÚAR TIL 4. MARS.**

Þú færð 20% afslátt af öllum Clarins vörum og að auki 30% afslátt af næturkremum ef þú kaupir dagkrem.

HAGKAUP
Snyrtivara

MARKAÐURINN

Veiran leggst þungt á markaðinn

Úrvalsvísitalan hefur lækkað um rúm 6 prósent frá vikubyrjun í takt við útbreiðslu COVID-19 kórónaveirunnar. Hætta er á töluverðum áhrifum á ferðaþjónustu og utanríkisviðskipti. Neikvæð efnahagsleg áhrif geta krafist afgerandi aðgerða stjórnvalda.

Verð á íslenskum hlutabréfum hefur lækkað verulega eftir því sem COVID-19 kórónaveiran hefur breiðst út um Evrópu. Aðal-
hagfræðingur Kviku banka segir að neikvæð áhrif á íslenska ferðaþjónustu og utanríkisviðskipti geti þrýst á stjórnvöld að grípa til efnahagslegra aðgerða. Ríkisstjórnin hafi meira svigrúm til að bregðast við hægari viðsnúningi hagkerfisins en Seðlabankinn.

„Þetta er náttúrulega mjög erfíð tímasetning fyrir íslenska þjóðarþið sem var þegar komið í afturkipp,“ segir Yngvi Harðarson, framkvæmdastjóri greiningarfyrirtækisins Analytica, í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að kórónaveiran geti haft mikil áhrif í gegnum ferðaþjónustuna á meðan margir treysti sér ekki til að ferðast.

„Áhrifin koma líka fram gegnum minnkandi efnahagssumsvif erlendis, sem hafa neikvæð áhrif á okkar útflutning, bæði tengdan ferðaþjónustu og öðru. Á heildina lítið geta áhrifin verið allt frá því sem við sjáum í dag og upp í eitt-hvað miklu verra. Um leið og veiran berst hingað til lands verða áhrifin mun beinni og eins og við höfum séð í löndum þar sem veiran hefur breiðst út, getur hún lamað starfsemi um tíma,“ segir Yngvi.



Greinandi hjá Capacent spyr sig hvort viðbrögðin á hlutabréfamarkaði hafi verið heldur ýkt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lækkanir í vikunni

OMX10	-6,20%
Icelandair	-20,80%
Reginn	-9,80%
Eik	-8,70%
Festi	-8,00%
Arion	-7,00%
Sjóvá	-6,70%
Eimskip	-6,40%
Skeljungur	-5,90%
Hagar	-5,60%
VÍS	-5,60%
Kvika	-5,20%
Sýn	-5,20%
Reitir	-5,10%
Marel	-4,90%
TM	-4,90%
Brim	-4,10%
Origo	-4,00%
Siminn	-1,70%
Heimavellir	-0,70%
ISI	-0,40%

andi á alþjóðavísu og þótt íslenska hagkerfið og það kínverska séu ekki samofin, mun hægari vöxtur í okkar helstu viðskiptalöndum þar sem tengingarnar eru sterkari, smitast til okkar,“ segir Krístrún.

„Við gengum í gegnum uppsveiflu á meðan stór hluti heimsins var í hægagangi,“ bætir Krístrún við. „Nú er komin innlend niðursveifla og á sama tíma getum við orðið fyrir utanaðkomandi höggi vegna kórónaveirunnar. Ef viðbrögð við faraldrinum halda áfram að hafa neikvæð áhrif á efnahagskerfi heimsins, gæti viðsnúningurinn hér á landi, sem treystir að miklu leyti á viðskipti við útlönd, reynst hægari en vonir stóðu til.“

Meira svigrúm hjá stjórnvöldum
Spurð hvort áhrifin af kórónaveirunni þrýsti á stjórnvöld að minnka aðhald, hvort sem um ræðir ríkisfjármál eða peningastefnu, segir Krístrún mikilvægt að gera greinarmun á utanaðkomandi höggi annars vegar og innlendri niðursveiflu hins vegar.

„Niðursveiflan er að miklu leyti eðlileg aðlögun að mjög hröðum hagvexti, miklum útlánavexti til fyrirtækja og hröðum vexti ferðaþjónustunnar. Utanaðkomandi högg á hagkerfið getur hins vegar grafið frekar undan núverandi ástandi og leitt til þess að bregðast þurfi við með afgerandi hætti, sér í lagi ef það veldur rekstrartruflunum hjá kerfislega mikilvægum fyrirtækjum,“ segir Krístrún.

Þá telur hún að meira svigrúm sé hjá ríkisstjórninni en Seðlabankanum, ef ætlunin er að dempa núverandi niðursveiflu. Það hafi sýnt sig að takmörk séu fyrir því hvernig vaxtalækkanir skila sér í útlánaaukningu, ef fá álitleg fjárfestingarverkefni eru til staðar og útlánavilji bankanna er lítil.

„Vaxamunur bankanna hefur farið minnkandi samhliða lækkanir stýrivöxtum og með því að grafa enn meira undan honum er bönkunum ekki auðveldað að lána út. Þvert á móti. Tekin hefur verið ákvörðun um að krefjast hás eigin fjár hjá íslensku bönkunum, sem þýðir að þeir þurfa að skila meiri hagnaði en ella, ef þeir eiga að standa undir hærri arðsemi en við sjáum í dag. Nema vilji sé fyrir því að lækka arðsemiskrófunna,“ segir Krístrún.

„Af því leiðir að neðri mörk vaxta eru hærri hér en annars staðar, þar sem halda þarf uppi hærri vaxtamun sem drífur tekjur bankanna, þó rekstrarkostnaður hafi auðvitað líka áhrif. Stýrivextir eru mikilvægt tól, en áhrif þeirra eru takmörkunum og umhverfi háð.“
thorsteinn@frettabladid.is



Verður haldinn þann 19. mars 2020 kl. 16.00 í höfuðstöðvum félagsins að Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík

DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á árinu 2019.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
6. Tillaga stjórnar um kaupréttáætlun
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda félagsins.
10. Tillaga stórnar um heimild til hækkunar á hlutfé um allt að 59.935.471 hluti í tengslum við kaupréttáætlun félagsins ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
11. Tillaga stjórnar um endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
12. Tillaga stjórnar um endurnýjun á heimild til hækkunar á hlutfé félagsins um allt að 100.000.000 hluti í tengslum við möguleg fyrirtækjakaup ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
13. Tillaga stjórnar um breytingu á grein 18 í samþykktum félagsins í tengslum við kynjahlutföll í stjórn félagsins.
14. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið agm@icelandseafood.com í síðasta lagi kl. 16:00 hinn 9. mars nk.

Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Hluthafar þurfa að vera skráðir í hlutaskrá félagsins við lok dags 18. mars nk. til að eiga þess kost að greiða atkvæði á fundinum. Atkvæði verða einungis greidd skriflega á fundinum ef farið verður fram á slíkt. Hluthafar geta greitt atkvæði fyrir fundinn eða látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd.

Óski hluthafi eftir því að greiða atkvæði skriflega fyrir fundinn skal hann gera kröfu um slíkt eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn. Hluthafar geta einnig nálgast atkvæðaseðla og greitt atkvæði á skrifstofu félagsins venjulegum opnunartíma á virkum sólarhringum þar til á aðalfundardegi. Undirritaðir, dagsettir og vottaðir atkvæðaseðlar skulu hafa borist félaginu á skrifstofu þess eða á netfangið agm@icelandseafood.com að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn svo þeir teljist lögmætir.

Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð, undirritað, dagsett og vottað. Hægt er að senda rafræn umboð á netfangið agm@icelandseafood.com og skulu þau berast að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn. Form að umboði má nálgast á heimasíðu félagsins.

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. samþykktir félagsins. Skulu tilkynningar berast á netfangið agm@icelandseafood.com. Eyðublöð má nálgast á heimasíðu félagsins.

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þ.á.m. skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund og tillögur, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins; <http://www.icelandseafood.com/Investors>

Kórónaveiran hefur breiðst hratt út um Evrópu á síðustu dögum. Á Ítalíu hafa rúmlega 320 manns smitast frá því veiran greindist þar í landi og alls hafa ellefu látið lífið. Í fyrradag var tilkynnt um fyrstu smitin í Sviss, Austurríki og Króatíu, og fyrsta smíðið í Suður-Ameríku var tilkynnt í gær. Veiran hefur því náð til allra heimsálfa.

Lækkanir á erlendum mörkuðum og óvissa um efnahagslegu áhrifin sem veiran hefur í för með sér hafa smitast hingað til lands. Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur lækkað um 6,2 prósent frá vikubyrjun. Icelandair hefur lækkað langsamlega mest en lækkun félagsins nemur tæplega 21 prósent. Þá hefur Reginn lækkað um tæp 10 prósent, Eik um tæp 9 prósent og Festi um 8 prósent.

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir að óvissa fari alltaf illa í fjárfesta. Óttast sé að veiran breiðist enn meira út og að ferðaþjónustan verði fyrir miklu höggi.

„Aftur á móti má spyrja sig hvort viðbrögðin á markaðinum hafi verið heldur ýkt. Ef við tökum fasteignafélögin sérstaklega fyrir, þá hefur verð íslensku félaganna með tilliti til eiginfjár lækkað á síðustu dögum miðað við fasteignafélög í Skandinavíu. Þá spyr maður sig af hverju veiran ætti að hafa meiri áhrif á íslensku fasteignafélögin en þau norsku. Maður hefði haldið að íslensk hlutfélög væru öruggari vegna þess að tengslin við Asíu eru minni en hjá erlendum félögum,“ segir Snorri og bætir við að ýkt viðbrögð megi rekja til óvissu um keðjuverkandi áhrif veirunnar og þess að íslenski hlutabréfamarkaðurinn sé mjög grunnur.

Hægari viðsnúningur

Krístrún Mjöll Frostadóttir, aðal-
hagfræðingur Kviku banka, bendir á að fylgni íslenska hagkerfisins við heimshagsveifluna hafi aukist á síðustu áratugum, þrátt fyrir að uppsveiflan á Íslandi frá árinu 2015 skeri sig aðeins úr.

„Ef veiran hefur veruleg áhrif á virðisbreytingu úti um allan heim, munum við án efa finna fyrir því í utanríkisviðskiptum. Kína er mjög stór framleiðandi og neyt-

ALLAR FERÐATÖSKUR

40% AFSLÁTTUR

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!



40%
AFSLÁTTUR

ALLIR
FERÐAFYLGJHLUTIR

MARCO POLO
FERÐAHANDBÆKUR



30%
AFSLÁTTUR



30%
AFSLÁTTUR



AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 2. mars, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Tindfjöll séð úr norðaustri af Fjallabaksleið syðri. Jötunarið Ými og Ýmu ber við himin efst á Tindfjallajökli. MYND/ÓMB

Jötnar á jökladeiti

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Tindfjöll eru með fallegustu fjöllum á Íslandi en tveir hæstu tindar þessarar eldkeilu bera nöfn jötna; Ýmir, sem er 1462 m, og mun tilkomumeiri Ýma sem er 12 metrum lægri. Báðir tindarnir sjást víða að og minna á hvítklætt par sem ákvað að hittast löngu áður en stefnumótasiður eins og Tinder komu til sögunnar.

Kuldalegt parið er aðskilið með skarði, sem úr fjarlægð líkist hengirúmi, en umhverfis það er 20 ferkílómetra stór Tindfjallajökull og undir honum 5 km breið askja sem varð til við mikið sprengigos.

Við rönd jökulsins er aragrúi tinda sem bera skemmtileg nöfn eins og Búri, Saxi, Haki, Hornklofi, Ásgrindur og loks Þverhniptur Tindur (1251 m), sem fjöllin bera nafn sitt af. Norðaustan í jöklinum er síðan eldgígurinn Sindri. Upp á flest þessi fjöll þríluðu Guðmundur frá Miðdal og fjallavinir hans sem byggðu þarna skála á fyrri hluta síðustu aldar en örnefnið skírskota flest til norrænnar goðafræði. Þannig var Ýmir fyrsti jötunn í heimi og allir jötnar frá honum komnir, en kýrin Auðhumla nærði hann með spenum sínum sem úr runnu fjórar mjólkurár. Barnabörn Ýmis hétu Óðinn, Vilji og Vé og sköpuðu þeir heiminn úr líkamsleifum hans, eftir að hafa ráðið honum bana. Þjuggu þeir til lönd úr holdinu, himin úr höfuðkúpunni, blóðið varð að sjó og stöðuvötnum, bein og tennur að fjöllum, heilinn að skýjum og hárið að skógi.

Flestir ganga á Tindfjöll úr vestri og er ekið eftir torfærum jeppavegi upp úr Fljótshlíð að nýuppgerðum Tindfjallaskála Ísalp í 800 m hæð. Snemma vors er efsti hluti vegarins þó ófær óbreyttum jeppum, vegna snjóa eða aurbleytu. Frá skálanum er haldið upp brekkur til austurs uns komið er í Skíðadal og síðan haldið áfram upp Búraskarð að jökulröndinni. Í fyrstu er jökullinn aflíðandi, en þegar komið er að rötum Ýmis er best að halda sig norðaustan við fjallið og þræða sig síðan eftir hrygg upp á hæsta tindinn. Þaðan er gríðarlegt útsýni, meðal annars að Eyjafjallajökli, Vestmannaeyjum og Heklu.

Í góðu veðri er tilvalið að ganga einnig á Ýmu, sem er mun brattari tindur, en af henni sést vel yfir Fjallabak og Laugavegin en líka Mýrdalsjökul, Þórsmörk og Einhyrning. Ýmir og Ýma eru frábærar fjallaskíðaleiðir, en frá Tindfjallaskála eru þetta 16 km fram og til baka.

Á Síndra er hins vegar oftast gengið að norðanverðu, en jeppavegur liggur norðan Tindfjalla og er vinsæl fjallahjólaleið.



Fókus á hjarta landsins



Þótt Ýma sé ivið lægri en Ýmir er hún miklu tignarlegri tindur – en líka erfiðari uppgöngu. MYND/ÓMB



Ýmir getur verið þungur á brún en Ýma sem er austar léttir honum lund. MYND/ÓMB



EVELYN WAUGH
ENDURFUNDIR
Á BRIDESHEAD

2999.-



2990.-



2999.-



27. FEBRÚAR - 15. MARS


BÓKA MARKAÐURINN

Laugardalsvelli


ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA




OPÍÐ
KL. 10 - 21
ÖLL KVÖLD



990.-




1490.-



1490.-



1999.-



2999.-



2650.-



1490.-



1990.-

Hvar er ríkisstjórnin?



Kolbrún Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is

A uglýst var eftir ríkisstjórninni á Alþingi í vikunni. Það gerði sá athuguli þingmaður Viðreisnar Þorsteinn Víglundsson. Hann hafði tekið eftir því að ríkisstjórn sem áformaði að leggja fram 48 mál í janúar og febrúar hefur einungis lagt fram fimm. Einhver myndi kalla þetta kulnun í starfi, hér áður fyrr hét þetta vist leti.

Þingmaður Viðreisnar spurði hvort ríkisstjórnin hefði lagt niður störf, eða kannski farið í langt vetrarfrí. Hann vildi vita hvar hún væri niðurráðin. Svo heppilega vildi til að að minnsta kosti einn þingmaður Sjálfstæðisflokks var á Alþingi, vinnustað sínum, þennan dag. Sá heitir Birgir Armannsson og varð heldur stúrin vegna þess að stjórnarandstöðuþingmaður hafði tekið eftir því hversu verklit þessi ríkisstjórn raunverulega er. Birgir kom ríkisstjórninni til varnar. Hann sagði að sú ríkisstjórn væri ekki endilega best sem legði fram flest frumvörp og samþykkti flest mál. Må svo sem til sanns vegar færa að best sé að ríkisstjórn sem iðulega gerir meira ógagn en gagn sé sem aðgerðaminnst. Almennungur fær þá allavega frið fyrir henni á meðan.

Það er þó ekki eins og ráðherrar ríkisstjórnarinnar fái ekki hugmyndir, þær eru bara svo oft ekki nægilega góðar. Mikil væri nú gaman af ráðherra landsins myndu vakna einn morguninn, hugsa um feður landsins og mikilvægi náttúruverndar og heita sjálfum sér því að gerast talsmenn náttúrunnar og leggja sitt af mörkum í baráttunni fyrir verndun hennar. Enga Hvalárvirkjun á minni vakt, takk fyrir! En þannig vakna ráðherrar ekki, nema kannski umhverfisráðherrann velviljaði stutta stund, svona rétt áður en hann rankar við sér í hinum ískalda raunveruleika og man að hann er í ríkisstjórnarsamstarfi með flokki virkjanasinna, Sjálfstæðisflokknunum, og öðrum flokki, Framsóknarflokki, þar sem orðið náttúruvernd hefur nákvæmlega ekkert vægi.

Mikið væri líka gott ef dómismálaráðherra landsins myndi svo vakna endurnærður og segja við sjálfan sig: Nú ætla ég að tala af einlægni máli þeirra foreldra sem hingað leita í neyð í von um að geta boðið börnum sínum nýtt og betra líf. Ég ætla að segja eins og Píratin sagði á þingi á dögnum þegar hann mótmælti brottvisun íranska trans pilsins Mani: Dyflinnarreglugerðin, bla, bla, bla – og bæta síðan við: Breytum skipulaginu!

Þetta mun ekki gerast. Hins vegar fékk nýsköpunarráðherra hugmynd sem kynnt var í sömu viku og þingmaður Viðreisnar lýsti eftir ríkisstjórninni. Ráðherra ætla að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands og finna verkefnum innan hennar annan farveg. Þetta hljómar eins og hugmynd ráðherra sem hefur lítið við að vera. Er þetta virkilega brýnt hagsmunamál fyrir íslenska þjóð? Sjálf sagt útskýrir ráðherra nauðsyn þessa á þingi í löngu og stagleknu máli, á þann hátt að enginn verður nokkru nær.

Kannski er öllum fyrir bestu að þessi ríkisstjórn sé sem aðgerðaminnst.



Má svo sem til sanns vegar færa að best sé að ríkisstjórn sem iðulega gerir meira ógagn en gagn sé sem aðgerðaminnst.

Halldór



Frá degi til dags

Jöfnuður og réttlæti
Dómsmálaráðherra stefnir að því að leggja niður mannanafnanefnd, hina miklu grýlu sem fylgt hefur þjóðinni í rúma öld. Loksins verður þjóðinni treyst fyrir að nefna börnin sín. Nú megum við heita Satan, Snati, Szczepa eða hvað sem við viljum. Sjálf sagt munu einhverjir spyrna við og reyna að kæfa og ófrægja frumvarpið. Sér í lagi fólk með ættarnöfn, bláblóðungar Íslands. Lengi hafa Thorsarar, Briemarar, Blöndalar og Thoroddsenar staðið varðstöðu um mannanafnanefnd og einokun ættarnafna. Ber því að fylgjast vel með Ingu Sæland, Kolbeini Proppé og Sigríði Andersen næstu vikurnar. Hér er mesta jafnaðar- og réttlætismál sögunnar á ferðinni, því ef frumvarpið nær í gegn geta allir orðið ríkisbubbar.

Óþægileg sóttkvi
Tíu Íslendingar eru fastir í sóttkvi á lúxushótelu á Tenerife. Þúsund gestir eru á hótelinu og þegar hafa fjögur smit verið staðfest. Ætla mátti að mikilvægt væri að takmarka samneyti hótélgesta eins og hægt er. En það virðist öðru nær. Miðað við frásögn Íslendinga á hótelinu flatmaga sumir gestir við hótelsundlaugina og borða svo saman í mótuneytinu. Vonandi taka landar vorir ytra upp stífa einangrunarstefnu, halda sig inni á sínum Egilshallar-herbergjum og freista þess að klára Netflix á næstu tólf dögum.
kristinnhaukur@frettabladid.is

Blóð, sviti og tár



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Það kostaði blóð, sviti og tár að komast til valda, sagði Bjarni Benediktsson eftirminni-lega í Silfrinu um helgina.

Ólíkt Winston Churchill, sem sagðist ekkert geta boðið þjóð sinni nema blóð sviti og tár, í viðleitni til að þjappa henni saman á ögurstundu, notaði formaður Sjálfstæðisflokksins þessi orð til að útskýra erfiðni sem stjórnarflokkarnir þurftu að leggja á sig til að komast í ríkisstjórn. Það réttlætti það, að hans mati, að halda þingkosningar eins seint og mögulegt er – þrátt fyrir að hefð sé fyrir vorkosningum á Íslandi og augljósum kostum þeirra. Nægir að nefna þann tíma sem tekur að semja vönduð fjárlög.

Líklega er formaður Sjálfstæðisflokksins ekki bjartsýnn á úrslit næstu kosninga og það kemur ekkert á óvart að Sjálfstæðismenn vilji ríghalda í ráðherra-stólana, nú þegar fálkanum er að fatast flugið.

Hvort sem kosid verður að vori eða hausti 2021 er mikilvægast að skipta um kúrs. Formenn stjórnarflokka sögðu ríkisstjórnina myndaða um pólitískan stöðugleika. Útkoman varð frekar pólitísk stöðnun.

Þegar stjórnarmálmennt tala um „blóð, sviti og tár“ fer betur á því að það sé í þágu almannahagsmuna en ekki til að vorkenna sér yfir því hversu erfitt hafi verið að komast til valda.

Verkefni eru ærin. Við þurfum nú þegar að jafna lífskjör í landinu. Sjá til þess að fólk á lágu og meðallaunum hafi meira öryggi og fjárhagslegt svigrúm í dýru landi. Minnka skerðingar og jafna skatta. Til þess þarf ríkasta og eignamesta fólk landsins að leggja aðeins meira af mörkum.

Handan hornsins biða okkar önnur risastór verkefni sem þessari ríkisstjórn er ekki treystandi fyrir. Við verðum að horfast í augu við loftslagsvandann. Við verðum að mæta fyrirsjáanlegum þjóðfélagsbreytingum samfara nýrri tækni með stórsókn í menntun, rannsóknunum og nýsköpun. Styðja við lítil fyrirtæki og skapa fjölbreytt störf.

Verkefni næsta árs er að mynda ríkisstjórn um jöfnuð og framfarir. Samfylkingin er klár í slaginn.



Handan hornsins biða okkar önnur risastór verkefni sem þessari ríkisstjórn er ekki treystandi fyrir.

Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

AF KÖGUNARHÓLI

Líkurnar á framhaldslífi



Þorsteinn Pálsson

Nánast óþekkt er að stjórnarflokkar gefi fyrir fram upp hvort þeir stefna að áframhaldandi samstarfi þegar kosningar nálgast. Oftast nær má þó ráða af málflutningi þeirra hvort viljinn stendur til að fá endurnýjað umboð saman eða hvort horft er til nýrra samstarfsmögu-leika.

Vísendingar af þessu tagi ættu að koma fram á næstu mánuðum. En eins og staðan er í dag verður ekkert annað lesið úr skilaboðum forystumanna stjórnarflokkanna en að þeir hafi allir áform um að halda samstarfinu áfram.

Nýtt flokkakerfi í mótun

Skóðanakannanir benda að vísu ekki til þess að vilji kjósenda standi til þess sama. Þær verða þó varla haldgóð vísending fyrir en nær dregur. En fari svo að ríkisstjórnarflokkarnir geti ekki myndað þriggja flokka stjórn má segja að flokkakerfi tuttugustu aldar heyrir endanlega sögunni til, þótt ný flokkaskipan sé enn í mótun.

Önnur ný og áhugaverð staða gæti líka verið að koma upp. Margt bendir til þess að VG sé að færast inn í það pólitíska rými, sem Framsókn hafði áður fyrir. VG gæti þannig haft í hendi sér hvort hér yrðu til skiptis myndaðar stjórnir til hægri eða vinstri og þannig orðið viðvarandi stjórnarflokkur.

Eins og Framsókn á sínum tíma gæti VG haft pólitísk hamskipti með jöfnu millibili. Óneitanlega hefur VG losað sig við þá prinsippfestu, sem er helsta hindrunin fyrir því að komast í slíka lykilstöðu.

Líklega er þó flóknara fyrir VG að



vinna með Samfylkingu en núverandi samstarfsflokkum vegna andstöðu þess við hvers kyns breytingar, nema ríkisvæðingu í heilbrigðiskerfinu.

Eitt mál í deiglunni getur skipt sköpum

Hvað sem slíku vangaveltum líður er eitt mál í deiglunni, sem getur haft afgerandi áhrif á það hvernig mál þróast að þessu leyti. Það er tillaga forsætisráðherra að nýju auðlindaákvæði í stjórnarskrá.

Sögulegur bakgrunnur þess liggur í tuttugu ára gömlu álitu auðlindanefndar undir forystu Jóhannesar Nordal.

Þar náðu allir flokkar og hagsmunasamtök í sjávarútvegi saman um að leggja til að festa í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign þar sem gjald skyldi koma fyrir tímabundin afnot. Tímabundin afnot voru talin forsenda þess að þjóðareign yrði virk í framkvæmd.

Nú er staðan hins vegar þannig að stjórnarflokkarnir og Miðflokkurinn hafna hugmyndum auðlindanefndar og stjórnlagaráðs um gjald fyrir tímabundin afnot. Opinber stefna Framsóknar er að vísu með tímabindingu, en samt er næsta víst að hún fórnar því prinsippi fyrir samstarfið. Viðreisn, Samfylking og Píratar eru á hinn

bógin fylgjandi því að gjald komi fyrir tímabundin afnotarétt.

Hér er sem sagt á ferðinni djúpstæður hugmyndafræðilegur ágreiningur, sem snýst um það hvort væntanlegt þjóðareignarákvæði á að knýja á um breytingar eða styrkja óbreytt ástand.

Gæti orðið helsta kosningamálið

Forsætisráðherra hefur stefnt að breiðu samkomulagi um afmarkaðar stjórnarskrárbreytingar. En sú bjargfasta afstaða að hafna samkomulagi allra flokka og hagsmunasamtaka, sem varð í auðlindanefnd á sínum tíma og stjórnlagaráð tók upp í breyttu formi, gæti dregið úr líkum á að það takist.

Kostirnir eru þá þeir að láta kyrrt liggja með auðlindaákvæðið eða knýja það í gegn með stuðningi ríkisstjórnarflokkanna og Miðflokksins. Búast má við miklum átökum um svo stórt prinsippmál og það gæti hæglega orðið eitt helsta átakefni kosninganna.

Framhaldslif með Miðflokknum

Fari forsætisráðherra þá leið að ljúka auðlindamálinu í ágreiningi verður VG að leggja allt í sölnar til þess að fá það staðfest á nýju þingi að kosningum loknum. Í þeim tilgangi er erfitt er að koma auga á aðra möguleika fyrir VG og samstarfsflokkana en óbreytt stjórnarmynstur.

Skipist mál með þessum hætti, sem margt bendir til eins og sakir standa, eru líkur á framhaldslífi ríkisstjórnarinnar; hugsanlega með Miðflokknum, ef hún heldur ekki velli og atkvæði hans þarf til.



Búast má við miklum átökum um svo stórt prinsippmál.

Aðalfundur Sýnar hf.

Aðalfundur Sýnar hf. verður haldinn föstudaginn 20. mars 2020 kl. 10:00, í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2019.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, sem fela í sér:
 - a) Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
 - b) Að breyta ákvæðum sem vísa til einkaréttar Verðbréfaskráningar Íslands til rafrænnar skráningar verðbréfa félagsins.
 - c) Að 1/20 hluthafa geti krafist hluthafafundar.
5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðanda félagsins.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Upplýsingar fyrir hluthafa:

Heildarfjöldi hluta í félaginu hinn 26. febrúar 2020 er 296.441.474 hlutir og jafnmörg atkvæði. Þar af eru öll atkvæði virk.

Aðrar upplýsingar:

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 10:00 föstudaginn 6. mars 2020.

Skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins syn.is/fjarfestatengsl eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin frá því tímamarki í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Sérstök tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina, en frestur til þess er nú útrunninn. Skýrsla tilnefningarnefndar er send kauphöll samhliða fundarboði þessu. Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að þau Hjörleifur Pálsson, Hilmar Þór Kristinsson, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, Sigríður Vala Halldórsdóttir og Tanya Zharov verði kjörin til setu í aðalstjórn Sýnar hf. og Óli Rúnar Jónsson og Þyri Dröfn Konráðsdóttir verði kjörin til setu í varastjórn.

Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarins.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr.

63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 10 sunnudaginn 15. mars 2020. Framboð skulu berast á netfangið: tilnefningarnefnd@syn.is

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 10 sunnudaginn 15. mars 2020 og ber að skila framboðum á netfangið: tilnefningarnefnd@syn.is

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 9:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Sýnar hf.

sýn

Ert þú búinn að kynna þér verðvernd BAUHAUS?



Hjá BAUHAUS getur þú verið viss um að fá alltaf lægsta verðið á markaðnum!

Þess vegna erum við með verðvernd. Það þýðir að ef þú finnur sömu vöru ódýrari hjá samkeppnisaðila okkar lækkum við okkar verð. Þú finnur nánari upplýsingar inn á heimasíðu okkar: bauhaus.is/verdvernd.

Tilboðin gilda frá og með fimmtudeginum 27. febrúar til og með sunnudeginum 1. mars.

ÞÚ GERIR ALLTAF GÓÐ KAUP Í BAUHAUS!



25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
SILKIBLÓMUM Í GARÐALANDI
MIKIÐ ÚRVAL!

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

 **Garðaland**®

25%

AFSLÁTTUR AF ALLRI
GJAFAVÖRU FRÁ GAMLE
APOTEK

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Camargue®

40%

**AFSLÁTTUR AF
ÖLLU FRÁ
CAMARGUE SKÄRGÅRD**

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

ER KOMINN TÍMI Á BAÐHERBERGIÐ?

GROHE

hansgrohe

25%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
STURTUSETTUM OG HAND-
LAUGARTÆKJUM FRÁ GROHE**

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

25%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
STURTUSETTUM OG HAND-
LAUGARTÆKJUM FRÁ
HANS GROHE**

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!



Ísland í fararbroddi gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis



Lineik Anna Sævarsdóttir
Þingkona Framsóknarflokksins

Á vorþingi 2019 varð breyting á löggjöf um innflutning á matvælum, vegna niðurstöðu EFTA-dómstólsins, sem heimilar innflutning á hráu kjóti og ferskum matvælum. Í kjölfari

tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að Íslendingar yrðu fyrsta þjóðin í heiminum til að banna dreifingu og sölu á matvælum sem innihalda ákveðnar tegundir af sýklalyfjaónæmum bakteríum. Samhliða samþykkti Alþingi aðgerðaáætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna í 17 liðum til að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Málið er nú í höndum viðkomandi ráðherra sem vinna að kortlagningu á umfangi sýklalyfjaónæmra baktería á íslenskum matvælamarkaði.

Sýklalyfjaónæmis- og súnusjóður stofnaður

Mikilvægur áfangi í þeirri vegferð náðist á dögunum þegar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra skrifuðu undir samkomulag um stofnun sýklalyfjaónæmis- og súnusjóds. Sjóðnum er ætlað að fjármagna verkefni undir formerkjum „One health“, sem snúa að grunnrannsóknunum á sýklalyfjaónæmi. Þetta er mikilvægt skref í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi en betur má ef duga skal. Framsóknarflokkurinn hefur alla tíð unnið ötullaga að því að tryggja heilnæmi matvæla, gæta að heilsu fólks, aðbúnaði

og heilsu búfjár. Við breytingu á lögum um innflutning matvæla settu þingmenn Framsóknarflokksins það skilyrði að aðgerðaáætlunin yrði samþykkt fyrir afgreiðslu málsins og þar með að Ísland verði í fararbroddi í aðgerðum til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.

Ein stærsta ógn samtímans

Sýklalyfjaónæmi er ein stærsta ógnin við heilsu manna og dýra nú og næstu áratugina. Rannsóknir hafa sýnt að skýrt samhengi er á milli mikillar notkunar á sýklalyfjum við framleiðslu matvæla og tíðni sýkinga með sýklalyfjaónæm-

um bakteríum í fólki. Hefðbundin sýklalyf eru hætt að virka á ákveðnar bakteríur og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Við Íslendingar erum í einstakri stöðu þar sem notkun á sýklalyfjum við matvælaframleiðslu hérlendis er með því minnsta sem gerist í heiminum. Okkur ber skylda til að vernda sérstöðu okkar nú sem endranær. Aukin tíðni sýkinga af völdum sýklalyfjaónæmis í heiminum er ógn við lýðheilsu. Framsókn vill tryggja að íslenskir neytendur fái á sitt borð matvöru í hæsta gæðaflokki og mun fylgja aðgerðaráætluninni fast eftir, með lýðheilsu að leiðarljósi.

Opið bréf til ráðherra ferðamála



Guðjón Jenson
eldri borgari og leiðsögumaður búsettur í Mosfellsbæ

Eigi hefi eg gegnt föstu starfi síðan fyrir bankahrun. Í nær þrjú áratugi hefi eg starfað sem þýskumælandi leiðsögumaður og þá ráðinn í hverja ferð fyrir sig. Þetta er því mjög ótryggt starf þar sem miklar kröfur eru gerðar til okkar leiðsögumanna. Frumskylda okkar er að gæta ætíð öryggis allra og að lífi ferðamannsins sé aldrei stefnt í vöð. Eg minnst þess sérstaklega hve Birna G. Bjarnleifsdóttir sem var lengi skólustjóri Leiðsögumannaskólans lagði mikla áherslu á öryggismálin. Góð leiðsögn og góð ferð getur orðið einskis virði þegar öryggi ferðamanna er stefnt í hættu.

Nú eru fyrirtæki komin til sögunnar sem virðast sérhæfa sig í að setja ferðamenn í lífshættu. Lítið er skeytt um ferðamenn sem koma frá framandi löndum og enginn þeirra virðist gera sér fyllilega grein fyrir þeim hættum sem kunna að koma upp hér á landi, þegar hagstæðar aðstæður geta breyst skyndilega í versta veðravíti. Starfsmenn þessara fyrirtækja eru sumir nefndir leiðsögumenn, vegna þess að störf þeirra eru að mörgu leyti lík okkar störfum. Það þykir mér ganga þvert á minn skilning um starf leiðsögumannsins eins og okkur var kennt. Hver og einn getur kallað sig leiðsögumann hér á landi, enda hafa stjórnvöld of lengi hunsað sjónarmið lærdra leiðsögumanna sem útskrifaðir eru frá Leiðsöguskóla Íslands. Frá stofnun Félags leiðsögumanna 1972 sem nú nefnist Leiðsögn, félag leiðsögumanna hefur margsinnis verið farið fram á lögverndun starfsheitisins en því hefur fram að þessu verið hafnað af ómálefnalegum ástæðum og þar við situr.

Í mínum huga er sá starfsmaður ferðaskrifstofu sem visvitandi tekur þá ákvörðun að setja líf ferðamanns í hættu, ekki leiðsögumaður. Þegar hættu reynist vera yfirvofandi ber að aflýsa ferð eða breyta, þannig að líf og heilsa ferðamannsins sé ætíð efst í huga.

Þegar skipulagðar hópferðir eru farnar m.a. til Austurríkis og Ítalíu er skylda að hafa innlenda leiðsögumann. Í þessum löndum er starf leiðsögumannsins lögverndað. Þetta er fyrst og fremst til þess að tryggja öryggi ferðamanna og ef út af ber þá er yfirleitt beitt viðurlögum.

Hvaða ástæður eru fyrir því að starf leiðsögumanna er ekki meira metið hér á landi?

Viðreisn samsæriskenninganna



Kolbeinn Öttarsson Proppé
Þingmaður Vinstri grænna

Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, vekur í grein í Fréttblaðinu 25. febrúar, athygli á því hve mikil ánægja er með heilsugæsluna. Vísar hún í þjónustukönnun Sjúkratrygginga Íslands (SI), sem sýnir að 74% aðspurðra bera traust til heilsugæslunnar og 79% eru ánægð með þjónustuna. Það er fagnaðarefni að Hanna Katrín skuli taka höndum saman með okkur sem viljum efla heilsugæsluna og tryggja að hún verði fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu.

Falleg er líka ósk þingmannsins um að Svandís Svavarsdóttir skrifi fleiri greinar um málefnið enda er heilbrigðisráðherra afskaplega rífær. Sérkennilegt er þó að þingmaðurinn velji sérstaklega þetta mál til að lýsa eftir skrifum ráðherra þar

sem Svandís birti grein um þetta í Morgunblaðinu sléttri viku áður en Hanna Katrín birti sína í Fréttablaðinu.

Kannski er það samt ekkert skrytið, þar sem tónninn hjá Hönnu Katrínu er í þá átt að þagað hafi verið yfir niðurstöðum þjónustukönnunarinnar. Fréttir af henni hafi lekið í fjölmiðla og, sérir þingmaðurinn ráðherra til að skrifa grein um málið, sem ráðherrann hafði þegar gert. Lekar til fjölmiðla eru býsna algengar. Í þessu tilfelli voru niðurstöðurnar hins vegar birtar samvirkusamlega á vef heilbrigðisráðuneytisins 13. febrúar og vef SI 21. febrúar. Það er því ekkert samsæri í gangi um þöggun á þjónustukönnun, en sosomeg takt við umræðuna í stjórn málium í dag að hika ekki við að ýja að því.

Í þeim anda skirrist þingmaðurinn ekki við fullyrða að sjálfstætt starfandi aðilar, og þá væntanlega heilsugæslustöðvar, séu „óæskilegur hluti kerfisins“. Staðreyndin er sú að fjármögnunarlíkanið er eins hvað varðar einkarekna og opinberar heilsugæslustöðvar. Hins vegar er rétt að greiðslufyrirkomulag vegna blóðrannsókna hefur verið mis-



Framlög til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa aukist um 24% á árunum 2017-2020.

munandi og um það meðal annars hefur Samkeppniseftirlitið sent til-mæli sem verið er að bregðast við.

Þau tilmæli bærust hins vegar áður en núverandi ráðherra tók við embætti, þannig að mikla loftfímleika þarf til að tengja þessa ólíku gjaldskrá stefnu núverandi ríkisstjórnar. Rétt er að taka fram að heilbrigðisráðuneytið felur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fjölda verkefna, án þess að beinar greiðslur fylgi með. Nærtækasta dæmið er upplýsingar og fræðsla vegna COVID-19 veirunnar. Ráðuneytið hefur ekki leitað til einkarekinnar heilsugæslustöðva með slíkt, en kannski er grundvöllur fyrir því að þær sinni líka

þessari þjónustu án þess að fá sérstaklega greitt fyrir? Í það minnsta hlýtur Hanna Katrín að styðja það, þar sem hún vill að stöðvagnar sitji við sama borð óháð rekstrarformi. Ágætt er einnig að horfa til sögunnar. Þrátt fyrir að staðinn hafi verið vörður um heilbrigðiskerfið í aðgerðum eftir hrun varð engu að síður umtalsverður samdráttur á fjárframlögum, þ.m.t. til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Á sama tíma voru framlög til einkarekinnar heilsugæslustöðva varin í undirrituðum samningum og þær urðu ekki fyrir sömu skerðingu og opinbera kerfið. Þetta þarf allt að hafa í huga og eins að draga lærdóm af því hvers vegna einkarekna stöðvar mælast örlítið herra í umræddri þjónustukönnun.

Aðalatriðið er hins vegar að samstaða sé um að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað fólks í heilbrigðiskerfinu. Framlög til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa aukist um 24% á árunum 2017-2020. Það er í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar. Heilsugæslan er okkar allra og það eru gæfuskrif að efla hana, frekar en að búa til samsæriskenningar.

Íbúakosning um afdrif Elliðaárdals



Tryggvi Felixson
formaður Landverndar

Það er fagnaðarefni að ákveðið hefur verið að beiðni Hollvínasamtaka Elliðaárdalsins, að undirskriftasöfnun fari fram um breytingar á landnotkun við eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, Elliðaárdal. Nú gefst borgarbúum tækifæri til að láta rödd sína heyrast í máli er varðar bæði hagsmuni náttúruverndar og útivistar.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér deiliskipulagsbreytingar á umræddu svæði, það er svæðið norðan Stekkjarbakka í Reykjavík sem liggur að Elliðaárdal. Í því sambandi vakti umsögn Umhverfisstofnunar og svör borgaryfirvalda við alvarlegum athugasemdum sem þar komu fram, sérstaka athygli og áhyggjur. Stjórnin tók undir mörg þau gagnrýnu sjónarmið sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar og taldi að þau ein hefðu átt að gefa tilefni til að leggja áformin til hlíðar.

Stjórn Landverndar telur að sú breyting sem borgaryfirvöld áforma spilla afar vinsælu og skjól-sælu útivistarsvæði með fjölbreyttu lífríki og áhugaverðum menningarminjum. Græna svæðið í Elliðaárdal mun minnka auk þess sem ásýnd svæðisins verður manngerðari



með byggingum og bílastæðum, ef nýju deiliskipulagi verður fylgt með framkvæmdum. Ekki er að sjá að almannahagsmunir kalli á þær breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu. Frekar kalla almannahagsmunir á bættu aðkomu að Elliðaárdal og meiri trjárækt norðan við Stekkjarbakka þannig að svæðið verði friðarreitir fyrir borgarbúa.

Landvernd hefur áður látið til sín taka í skipulagsmálum og skerðingu á opnum svæðum í þéttbýli. Nægir

með nefna í því sambandi baráttu samtakanna gegn stórkarlalegum framkvæmdum við Urriðavatn í Garðabæ og vegagerð um Gálghraun. Í framangreindum málum var íbúum ekki veitt færi á að koma að málinu með beinum hætti. Enda varð niðurstaða þeirra mun meiri eyðilegging á náttúruverðmætum en nauðsynlegt var.

Nú gefst einstakt tækifæri til að snúa þeirri þróun við að gengið verði á verðmætt útivistarsvæði í nafni framfara. Ég hvet íbúa í

Reykjavík til að leggja baráttu Hollvínasamtaka Elliðaárdalsins lið. Fram til 28. febrúar má taka undir kröfu um að fram fari íbúakosning þar sem spurt verður hvort íbúar í Reykjavík séu fylgjandi eða andvígir breytingu á deiliskipulagi við Elliðaárdal. Ef þátttaka verður góð fá íbúar Reykjavíkur tækifæri til að taka af skarið í málinu.

Til að leggja þessari kröfu lið verða Reykjavíkurbúar að skrá sig á heimasíðunni: **elliðaardalur.is**



LG OLED TV

100%
of 40 testing
members
recommend
buzzador LG 55" OLED C9



MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVÖRP

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Jóhannes Karl Guðjónsson þjálfari ÍA á hliðarlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍA tapaði sextíu milljónum

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild ÍA tapaði tæpum 62 milljónum króna á árinu 2019 en félagið skilaði ársreikningi sínum í gær. Hvert sem lítið er er niðurstaðan kolsvört og róðurinn verulega þungur.

Skagamenn spiluðu í efstu deild á ný á síðasta sumri en þrátt fyrir það minnkuðu framlög og styrkir um 10 milljónir. Aðrar rekstrartekjur minnkuðu einnig úr 130 milljónum í 88 milljónir. Launin fóru upp um 10 milljónir og annar rekstrarkostnaður upp um 34 milljónir.

Óflugir styrktaraðilar styrktu ÍA um 42,5 milljónir króna á síðasta ári en ári áður var upphæðin 60 milljónir. Styrkur KSÍ jókst um 10 milljónir milli ára en Akraneskaupstaður dró úr sínum styrk um 1,2 milljónir milli ára.

Mestu munar um söluhagnað og tekjur vegna seldra leikmanna en Skagamenn græddu vel á sölu Arnórs Sigurðssonar til CSKA Moskvu árið 2018. Á síðasta ári var sá hagnaður um 18,5 milljónir en 2018 var hann 73 milljónir.

Skagamenn eiga sjöunda besta völl efstu deildar samkvæmt nýlegri könnun fótbolta.net en þar kom fram gagnrýni á veitingasölu heimamanna. Í 11 heimaleikjum fékk félagið 2,6 milljónir eða 236 þúsund á leik.

Í pistli formanns knattspyrnufélags ÍA, Magnúsar Guðmundssonar, segir að stjórn félagsins og framkvæmdastjóri í samvinnu við þjálfara og aðra starfsmenn hafi nú þegar farið í sérstakar aðgerðir við að greina vandann, draga úr kostnaði og auka tekjur.

Á árinu 2020 sé gert ráð fyrir fyrir miklum viðsnúningi í rekstri en áætlað er að rekstur ársins 2020 skili 15 milljón króna hagnaði. – bb

Sverðin slíðruð

HANDBOLTI Handknattleiksdeild Þórs á Akureyri sendi frá sér yfirlýsingu um uppgjör í kjölfar bikarleiks í september 2019 þar sem Íþróttafélagið Hörður var ósátt við kostnað leiksins. Í yfirlýsingu kemur fram að heildarkostnaður við leikinn hafi verið um 700 þúsund krónur vegna flugs Þórsara á milli Akureyrar og Ísafjarðar, aksturs til og frá flugvelli á Ísafirði og dómara. Uppgjöri sé lokið og allir sáttir.

„Þór hefur fengið greiddar 237 þúsund krónur, þann hluta sem Herði bar að greiða samkvæmt reglum HSI, þegar dreginn hafði verið frá kostnaður sem Hörður greiddi, m.a. vegna dómara. Þess má geta að upphæðin hefði getað verið lægri ef selt hefði verið inn á leikinn,“ segir í yfirlýsinguinni. Þess má geta að rúmlega 60 manns mættu á leikinn.

Harðarmenn rituðu harðorðan pistil á Fésbókarsíðu liðsins þar sem sagði að félagið réði ekki við að borga þennan pening.

Forsvarsmenn liðsins sögðu í samtali við Fréttablaðið að félagið þyrfti að taka pening frá barna- og unglíngastarfi til að eiga fyrir reikningnum. – bb



Leikmenn Manchester United eru sem stendur í fimmta sæti í deildinni og eiga leik í Evrópu deildinni í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Skuldir Man Utd jukust en Glazier fékk sína milljarða

Nettóskuldir Manchester United jukust mikið milli ársfjórðunga. Sjónvarpstekjur drógust saman og heildartekjur enda liðið ekki í Meistaradeildinni. Þrátt fyrir svartan reikning tóku eigendurnir sér sinn hlut, eða um tvo milljarða króna. Engan bilbug er þó á liðinu að finna og verður það styrkt í sumar.

FÓTBOLTI Nettó skuldir Manchester United jukust mikið milli ársfjórðunga. Sjónvarpstekjur drógust saman sem og heildartekjur. Ársfjórðungurinn sem um er að ræða nær til 31. desember og eru því kaupin á Bruno Fernandes ekki inni í þessum tölum.

Þó nettóskuldir félagsins séu gríðarlegar, um 391 milljón punda eða 64 milljarðar, er engan bilbug á félaginu að finna. Félagið á enn nokkuð djúpa vasa til að seilast í eftir nýjum leikmönnum eða um 100 milljónir punda í beinhörðum peningum, sem eru um 16 milljarðar króna, og framkvæmdastjórnin, Ed Woodward, lofaði í yfirlýsingu að það kæmu inn leikmenn í næsta félagaskiptaglugga. Trúlega þarf félagið þó að selja leikmenn áður en aðrir verða keyptir því í yfirlýsingu kom fram að heimsklassa leikmenn myndu bætast við og þeir kosta skildinginn. Áherslan væri lögð á færri en betri leikmenn frekar en fleiri. Hann bætti við að félagið væri að stefna í rétta átt.

Manchester United var í þriðja sæti á síðasta peningalista Deloitte sem birtur var í janúar fyrir tímabilið 2017-2018. Þá kom fram að félagið ætti á hættu að missa af toppsæti ensku liðanna í fyrsta sinn. Félagið skilaði heildartekjum upp á 627 milljónir punda, jafnvirði um 104 milljarða en í nýjasta reikningi félagsins er gert ráð fyrir tekjum upp á 560-580 milljónir punda fyrir árið 2020, eða um 93 milljarða. Grannarnir í City sækja



Tölurnar á bak við tapreksturinn

168,4 milljónir punda voru tekjur félagsins á síðasta þriðjungi síðasta árs eða 28 milljarðar króna.

560 milljónir punda býst félagið við að tekjurnar verði á þessu ári eða 93 milljarðar.

37,6 prósent var lækkunin á sjónvarpstekjum milli ára. Fóru úr 64,7 milljónum punda, um 10,7 milljörðum, í 39 milljónir punda eða 6,4 milljarða krónar.

15,1 prósent var lækkun tekna á leikdag.

19,3 prósent var lækkunin á heildartekjunum.

30,7 prósent var hækkun hlutabréfaverðs.

391,3 milljónir punda voru nettóskuldir félagsins eða 64 milljarðar.

7,1 prósent jukust auglýsingatekjurnar um og voru alls 70,6 milljónir punda eða 11,7 milljarðar króna.

7 milljónir punda þurfti félagið ekki að greiða sökum þess að liðið komst ekki í Meistaradeildina eða um 1,1 milljarð króna.

1,9 milljarðar króna voru greiddar í arð á tímabilinu eða 11,4 milljónir punda. Verður sama upphæð greidd aftur í júní. Glazer-fjölskyldan á meirihluta bréfa í félaginu. Fjölskyldan keypti félagið árið 2005 og hefur greitt sér rúman milljarð punda í arð.

Við ætlum okkur að enda vel í deildinni, Evrópu deildinni og í FA-bikarnum nú þegar síðasti þriðjungur er hafinn.

Ed Woodward, framkvæmdarstjóri Manchester United

hratt að toppsætinu sem og Liverpool. Þess má geta að spænsku risarnir í Real Madrid og Barcelona eru í efstu tveimur sætum peningalistans. Yfirvofandi bann City í Meistaradeildinni var ekki tekið inn í reikninginn.

Auglýsingatekjur halda þó áfram að vaxa innan Manchester United og jukust þær um sjö prósent og eru nú 70,6 milljónir punda jafnvirði 11,7 milljarða. Þá minnkaði launakostnaður um sjö milljónir punda en liðið greiðir um 71 milljón punda í laun. Er það vegna skorts á Meistaradeildarbónusum en liðið spilar nú í Evrópu deildinni sem útskýrir þessa lækkun.

„Við ætlum okkur að enda vel í deildinni, Evrópu deildinni og í FA-bikarnum nú þegar síðasti þriðjungur er hafinn. Grunnurinn er til staðar til að ná árangri til lengri tíma og viljum erum að vinna í áætlan og fótbolta hugmyndafræði okkar með Ole,“ bætti Woodward við og átti þar við knattspyrnustjórnann Ole Gunnar Solskjær.

benediktboas@frettabladid.is

HÖRKUTÓL SEM ENDIST

RAM 3500



RAM 3500

VERÐ FRÁ: 6.967.745 ÁN VSK. – 8.640.000 M/VSK.

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT, NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BODI. ÖFLUG 6,7 LÍTRA CUMMINS DÍSELVÉL, 370/400* HESTÖFL OG *AISIN SJÁLFSKIPTING. RAM 3500 ER MEÐ MESTA TOGIÐ, MESTU DRÁTTARGETUNA OG MESTA INNRARÝMIÐ (MEGA CAB) Í SÍNUM FLOKKI.

EIGUM TIL FLESTAR GERÐIR TIL AFGREIÐSLU STRAX

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5,
SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" OG 40" BREYTINGAR



RAM 3500
LIMITED CREW CAB



RAM 3500
37" BREYTTUR



RAM 3500
40" BREYTTUR

EVROPUÁBYRGÐ:

BÍLAR SEM EKKI ERU FLUTTIR INN AF UMBODI FRÁ USA OG KANADA ERU EKKI Í ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ TRYGGIR AÐ ALLAR INNKALLANIR OG UPPFÆRSLUR SEM KUNNA AÐ BERAST Á LÍFTÍMA BÍLSINS ERU TILKYNNTAR EIGANDA SEM FRAMLENGD ÁBYRGÐ OG FRAMKVÆMDAR EIGANDA AÐ KOSTNAÐARLAUSU.

TÍMAMÓT



Okkar einstaki vinur og nágranni
Bjarni Sigurjón Erasmusson

verður jarðsungið frá Dómkirkjunni
föstudaginn 28. febrúar kl. 11.

Vinir.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Ástvaldur Andrésón

bifreiðasmiður,
Fannborg 8, Kópavogi,

er lést þann 13. febrúar á
Landspítalanum í Fossvogi, verður
jarðsungið frá Kópavogskirkju, föstudaginn
28. febrúar kl. 15.00.

Erna María Jóhannsdóttir

Hanna S. Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir

Ragnhildur Ásvaldsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnlaugur Helgason

Birgir Pálsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamamma,
amma og langamma,
Elsa Aðalsteinsdóttir

Engjavöllum 3, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 23. febrúar á
hjúkrunarheimilinu Sólvangi.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
þriðjudaginn 10. mars kl. 13.00. Sérstakar þakkir til
starfsfólks Sólvangs fyrir góða umönnun og hlýju.

Árni Ingvarsson

Þórður Ingvarsson

ömmubörn og langömmubörn.

Helena Jensdóttir

Anna María Bryde



Elskulegur bróðir okkar og mágur,
Skúli G. Norðdahl

Úlfarsfelli,

lést á heimili sínu 18. febrúar sl.
Útför verður frá Lágafellskirkju í
Mosfellsbæ þann 4. mars kl. 15.

Ingibjörg Norðdahl

Guðmundur G. Norðdahl

Guðjón Norðdahl

Daniel Þórarinnsson

Guðbjörg S. Birgisdóttir

Auðbjörg Pálsdóttir



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,
Erla Kristin Svavarsdóttir

er látin.

Útförin fer fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

Sigríkur Smári Ragnarsson

Sveinn Ívar Sigríksson

Andri Sævar Sigríksson

Einar Sindri Sigríksson



Við þökkum innilega auðsýnda samúð,
hlýjar kveðjur og kærleika við andlát
og útför okkar elskulega
Karls K. Berndsen

hárgreiðslu- og förðunarmeistara.

Einnig langar okkur að senda kærar
þakkir til starfsfólks Landspítalans, deild
11G/11E, starfsfólks hjúkrunarheimilisins Höfða, Akranesi,
og til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Seltjarnar, með
þökk fyrir alúð og hlýju, sem þið sýnduð Kalla
í veikindunum.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Ingibjörg Friða Hafsteinsdóttir

Laufey og Ernst K. Berndsen

Leikur af fingrum fram

Píanóleikarinn Hjörtur Ingvi Jóhannsson heldur einleikstónleika í Listasafni Reykjavíkur á morgun undir yfirskriftinni 24 myndir. Tónleikarnir verða spunnir á staðnum.

Talan 24 kemur víða fyrir, bæði í tónlist og annars staðar. Það eru 24 tímar í sólarhringnum, en það eru einnig 24 tóntegundir, ef taldar eru bæði dúr og moll," segir píanóleikarinn Hjörtur Ingvi Jóhannsson sem spilar á einleikstónleikum undir yfirskriftinni 24 myndir í Listasafni Reykjavíkur kl. 20 á morgun.

Tónleikarnir verða spunnir á staðnum og verða lögin flutt á píanó í öllum 24 tóntegundunum. Hjörtur leggur áherslu á að tæma hugann á undan þannig að tónlistin verði til á staðnum en byggist ekki á áður ákveðinni ætun.

Hjörtur er líklega best þekktur sem meðlimur hljómsveitarinnar Hjaltalín en hann hefur nýlega hafið að gefa út lagabálkin 24 myndir. „Ég spilaði á sams konar tónleikum á Akureyri í fyrrasumar sem var hluti af þessu verkefni," segir Hjörtur. „Þetta er eitthvað sem ég ætla að hafa gegnumgangandi svo það verða ekki bara þessir tónleikar."

Fyrsta lagið úr lagabálkinum nefnist Cascade og er komið á allar helstu veitur, eins og Spotify. Hjörtur segir að lögin úr lagabálkinum verði ekki flutt á tónleikunum en sum verði þó í sama anda. „Tónleikarnir verða 100 prósent spunnir en þessi lög eru eitthvað sem ég er að vinna í jafnt og þétt."

Aðspurður um hugmyndina að verkefninu segir Hjörtur að hann skipti oft um tóntegund til að fá nýjar hugmyndir. „Ég tek oft nokkur lög í röð þegar ég er að semja svo þetta kom eiginlega frekar organískt út frá því," segir hann og bætir við að í framtíðinni muni hann mögulega fá einhverja með sér á svipaða tónleika.

Verkefnið er styrkt af launasjóði tónlistarflytjenda og er miðaverð 2.000 kr. (1.000 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn). arnatomas@frettabladid.is



Hjörtur Ingvi mun spinna lög í öllum 24 tóntegundum. MYND/MAGNÚS ANDERSEN

Hjörtur Ingvi Jóhannsson

Hjörtur Ingvi Jóhannsson er fæddur 1987 og er ef til vill best þekktur sem hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Hjaltalín. Hann er virkur píanóleikari, tónskáld og útsetjari, auk þess að kenna á píanó við MÍT. Þá hefur hann

unnið í leikhúsinu, en hann var til að mynda tónlistarstjóri í Ronju ræningjadóttur í Þjóðleikhúsinu á síðasta leikári. Hjörtur lærði djasspíanóleik í Konservatoríinu í Amsterdam, þaðan sem hann útskrifaðist 2015.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Agatha Ásta Erludóttir

lést á Heilbrigðisstofnun
Suðurnesja 26. janúar sl.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks
HSS fyrir góða umönnun.

Sigurbjörn Jón Árnason

Jóhann Bachmann

Helga Árný Hreiðarsdóttir

Helena Ásta Hreiðarsdóttir

Hreiðar Ásberg Hreiðarsson

og barnabörn.

Bylgja Sjöfn Jónsdóttir

Kristján Karl Meekosha

Svavar Grétarsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ardis Guðrún
Kristjánsdóttir**

frá Heimabæ, Hvallátrum,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði
laugardaginn 22. febrúar.

Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn
6. mars kl. 13.00.

Valtýr Eyjólfsson

Eyjólfur V. Valtýsson

Sigurður H. Valtýsson

Bylgja Valtýsdóttir

Ludene Valtýsson

Siv E. Sæmundsdóttir

Jóhann Sigurþórsson

barnabörn og barnabarnabarn.



Okkar ástkæri,
Ástþór Runólfsson
húsasmiðameistari,
Þúfuseli 2,

lést sunnudaginn 2. febrúar.

Útför Ástþórs fer fram frá Seljakirkju
föstudaginn 28. febrúar klukkan 13.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnst hans er bent á Ljósið, endurhæfingu fyrir
krabbameinsgreinda.

Ingunn Jóna Óskarsdóttir

Hildur Ástþórsdóttir

Guðmundur Már Ástþórsson

Hlín Ástþórsdóttir

Hulda Ástþórsdóttir

Runólfur Þór Ástþórsson

Silja Ástþórsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhann Ólafur Jónsson

Dagný Alda Steinsdóttir

Hrafnkell Marinósson

Aðalsteinn Guðmannsson

Heiðrún Ólöf Jónsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Anna Margrét Jafetsdóttir

kennari, Dalbraut 16, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn
18. febrúar. Útförin fer fram frá

Laugarneskirkju, miðvikudaginn 4. mars klukkan 15.00.
Blóm og kransar afþakkuð en þeim sem vilja minnst
hennar er bent á Pieta samtökin og UNICEF.

Ari Hálfðanarson

Finnbogi Rútur Hálfðanarson

Guðmundur Hálfðanarson

Jóna Hálfðanardóttir

Guðrún Hálfðanardóttir

Halldóra Hálfðanardóttir

Guðmundur Hálfðanardóttir

Guðrún Hálfðanardóttir

Halldóra Hálfðanardóttir

Guðbjörg Sesselja

Jónsdóttir

Guðrún Edda

Guðmundsdóttir

Þórunn Sigurðardóttir

Einar Már Guðmundsson

Sigurður Árni Sigurðsson

Hilmar Þór Karlsson

barnabörn og barnabarnabörn.

W E TÍSKA

FIMMTUDAGUR 27. FEBRÚAR 2020

Tíska



Fyrirsætan og frumkvöðullinn Tyra Banks hyggst opna skemmtigarð á næstunni undir nafninu Modelland en hann hefur verið í undirbúningi í næstum áratug. ➔4

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Hildur Selma Sigbertsdóttir segir grúsk og grams á nytjamörkuðum vera ígildi líkamsræktar fyrir sig, slíkur sé andlegi ávinningurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sökker fyrir 70's tísku

Hildur Selma Sigbertsdóttir nýtur þess að raða saman ólíkum flíkum og segist gjarnan klæða sig eins og hún sé að fara að leika í tónlistarmyndbandi. ➔2

NÝ BASIC DRESS FRÁ
GERRY WEBER
– FALLEG HÖNNUN



10%
kynningarafsláttur
til 10. mars

f Fylgið okkur á FB



Skippholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Hildur er hér í fótum sem hún segir minna sig á söngkonuna Ruth Reginalds. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Ó hætt er að fullyrða að Hildur sé fjölhæf leikhúslistakona. „Ég er sviðslistakona, leikskáld, móðir og nú síðast leikmynda- og búningahönnuður í leiksýningunni Mæður sem er sýnd í lönó um þessar mundir.“

Þá er ýmislegt sem kveikir áhuga þessarar hæfileikaríku konu. „Ég hef mikinn áhuga á öllu sem við kemur listum, hönnun, tisku, barnauppleði, sálfræði og heilsu.“

Hefurðu áhuga á tisku?

„Já, en ég myndi ekki segja að ég fylgi öllum tiskustraumum. Ég hef með tímanum skapað minn eigin stíl og er því síður móttækileg fyrir tiskubylgjum. En skynditíska (e. fast fashion) gengur svolítið út á það að gera klæðnað úreltan með nýjum tiskustraumum svo við finnum okkur knúin til að kaupa alltaf nýtt.“

Hvenær kviknaði sá áhugi?

„Ég hef alltaf haft sterkar skoðanir á því hverju ég klæðist. Sem barn á leikskóla tók ég ekki annað í mál en að ráða mínum klæðnaði sjálf. Ég var mjög mikið í umfangsmiklum ballkjólum í leikskólanum. Ég gerði samning við mómmu, um að hún mætti ráða útifötunum og ég innifötunum. Seinna fór ég í uppreisn gegn kjólum og glingri og tók tímabil sem krakki þar sem ég klæddist köflóttum skyrtum og gallabuxum með stórrí sylgi.“

Ég dýrkaði Ruth Reginalds þegar ég var barn og núna er Móeiður Ronja, sex ára dóttir mín, farin að hlusta mikið á barnaplötur hennar sem komu út 1976 og 1977. Ég fattaði um daginn að ég á næstum sama dress og Ruth er í framan á plötunni sem kom út '77 en þar er hún með sixpensara, í hvítum smekkbuxum og opnum skóm með þykkum botni. Ég held að sú ljósmynd hafi haft djúpstæð áhrif á mig, mér fannst hún svo óendanlega töff. Síðan þá má



Hildur reynir eftir fremsta megni að kaupa notuð fót fremur en ný.

segja að ég hafi verið algjör sökker fyrir 70's tisku, tónlist, litum, mynstrum og bara öllu sem við kemur áratugnum.“

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

„Afslappaður en á sama tíma stundum dramatískur. Mér finnst til dæmis gaman að ráða saman ólíkum flikum og klæði mig stundum eins og ég sé að fara að leika í tónlistarmyndbandi. En ég er eins og allir aðrir og klæði mig misjafnlega eftir því hvernig mér líður. Þar spilar tíðahringurinn líka stóran sess. Ef ég er í stórrí hettupeysu og gallabuxum þá er ég líklega á um það bil degi 29.“

Eyðirðu miklu í fót?

„Nei ekkert rosalega. Ég splæsi stöku sinnum í dýra flik en ég kaupir að mestu notað og ódýrt. Ég hef lengi verið mikill grúskari og ég fagna nýjum verslunarháttum Íslendinga með tilkomu loppubúðanna.“

Ég kaupir til dæmis nær eingöngu notað á dætur mínar, sérstaklega þá yngri sem er að verða eins árs. Ég sjálf dýrka að fara á nytjamarkaði og róta og gramsa. Ég get gleymt mér í þannig grúski í marga klukkutíma. Ég hugsa að ég fái það sama út úr því og fólk fær andlega út úr því að fara í ræktina.“

My Style
tiskuhús

**ER FLUTT Á NETIÐ OG
SAMEINAST BELLADONNA
SKEIFUNNI 8**



SÖMU GÓÐU VÖRUNAR OG ENN MEIRA TIL

Netverslun www.belladonna.is

HLAÐVARPIÐ

á FRET TABLAÐIÐ.IS - hlustaðu þegar þér hentar

BITTE KAI
RAND

1 9 8 1



VOR
2020



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

FLOTT FÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR



NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verzlunin Belladonna

belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Magna túnukur
 30% afsláttur
 fimmtudag-laugardags

Kr. 5.530.-
Str. 40/42-56/58
Fleiri litir

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Tyra Banks hefur hafið sölu á miðum í nýjan fyrirsætuskemmtigarð. MYND/GETTY

Ævintýraland sem fagnar fegurðinni

Fyrirsætan og frumkvöðullinn Tyra Banks hyggst opna skemmtigarð á næstunni undir nafninu Modelland en hann hefur verið í undirbúningi í næstum áratug.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is



Tyra Banks, sem er líklega þekktust í dag fyrir að vera þáttastjórnandi hinnar vinsælu þáttaseríu America's Next Top Model, mun opna garðinn þann 1. maí næstkomandi í Santa Monica í Kaliforníufylki í Bandaríkjunum. Miðasala inn í garðinn hófst í vikunni. Samkvæmt lýsingu á vefsíðu Módelgarðsins mun fólk sem þangað kemur geta upplifað drauminn og verið fyrirsæta í einn dag. Það getur fengið ljósmyndir af sér teknar af fagmönnum sem draga fram það besta hjá öllum gestum. Hægt verður að ganga inn á svið þar sem gesturinn er þátttakandi í tiskusýningu.

Það er sérstaklega tekið fram að allir óháð vaxtarlagi og útliti geti komið í garðinn og upplifað bestu útgáfuna af sjálfum sér. Þar segir að Tyra Banks sjálf muni gefa gestum ýmis ráð þegar þeir fá að

Tyra Banks segir að Modelland sé staður til að fagna eigin einstöku fegurð.

stilla sér upp fyrir myndavélarnar. Fyrirsætan verður að vísu ekki á staðnum heldur gefur hún leiðbeiningar á upptöku sem spiluð er fyrir gesti. Einnig fara gestirnir í gegnum einhvers konar ævintýraveröld sem er drifin áfram af leikurum og dönsurum innan um stórkostlega hönnun. Gestirnir yfirgefa garðinn svo með myndabók með myndum sem teknar eru af þeim á meðan þeir upplifa ævintýraheim fyrirsætunnar.

Margir tiskuspekúlantar vestanhafs hafa velt fyrir sér hver tilgangurinn sé með garði sem þessum og hver sé raunveruleg ástæða þess að fyrirsætan hrinti þessari hugmynd í framkvæmd. Er þetta hrein og bein græðgi, er ætlunin að hafa af fólk pening fyrir einhvers konar

óljosa upplifun? Spurningum sem þessum hefur verið varpað fram. Miði inn garðinn er alls ekki ódýr og fólk hefur rætt og skrifað um að óljóst sé hvað nákvæmlega er innifalið í verðinu. Almennt aðgangsverð eru 59 Bandaríkjadóllarar sem eru rúmlega 8.000 íslenskar krónur. Svo er hægt að kaupa ævintýraafgang og draumaafgang sem kosta heilar 208.000 krónur, dýrari miðinn, og tæpar 80.000 krónur ódýrari miðinn. Innifalið í dýrasta aðganginum er, ásamt því sem áður var talið, hárgreiðsla og fördun, aðgangur að tiskufatnaði og VIP-sætum sem óljóst er hvað fela í sér, drykkir í boði hússins og fleira.

Tyra sagði sjálf í viðtali að hana langaði einfaldlega að leyfa öllum að njóta sín í einn dag. Modelland væri staður til að fagna sinni eigin einstöku fegurð og elska sig sjálf þrátt fyrir eigin galla. Hún vill að allir geti upplifað sig fallega. Hvort fólk er tilbúið til þess fyrir rúmar 200.000 krónur á svo eftir að koma í ljós.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut

h



Á HVERJUM **DEGI BORDA**

25.000
ÍSLENDINGAR

GRÆNMETI EÐA ÁVEXTI
OFTAR EN **FJÓRUM**
SINNUM YFIR DAGINN

HEIMILD: LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ 2017.
18-80 ÁRA



OG DAG HVERN **LESA**

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMÆLING GALLUP OKT. - DES. 2019, 12-80 ÁRA,
ALLT LANDIÐ, HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Dömulugar dásemdir frá Christian Dior

Tískuvikan í París stendur nú yfir. Þar sýna tískurisar heimsins sitt fínasta púss fyrir næsta haust og vetur. Hér má sjá töscur fyrir þá tíð frá Dior.



Svört rússkinstaska með munstri.



Þessi taska er svolítið bóhemleg.



Gegguð skinntaska með loðfóðri.



Mikið var um stórar töscur hjá Dior.



Hvít, gyllt, smá og elegant eins og Dior er von og vísa.



Dior tefdi fram afar flottum töscur í skólatöskustíl.

Margar af töscur Dior fyrir næsta haust og vetur eru bornar á bakinu, jafnt stórar sem smáar, grófar eða finlegar.



Undurfögur taska fyrir finni tilefni.

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimm tíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimm tíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannlíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla



Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. Hylkin eru nú komin í nýjar umbúðir eins og sjá má á myndinni hér til hliðar. MYND/GVA

gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag.“ útskýrir hann.

Magnús, sem er 69 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkjja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

Tökum að okkur alla málningarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningarpjónusta Egils ehf. S.868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarpjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggiltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Málningarpjónusta S: 782-6034.

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Önnur þjónusta

STARFSMENN

til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannþjónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Húsnæði í boði

2ja herb. íbúð í kópavogi til leigu, 110 þús á mánuði. Uppl. í s: 833 5833.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000



info@handafl.is | handafl.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

worknorth.is
WORK NORTH
HÚSARIF • JARÐVEGSVINNA
STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT
Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

Málarar og Múrarar, með áratuga reynslu í:
- Steypuviðgerðum - Múrviðgerðum - Sprunguviðgerðum - Tröppuviðgerðum - Húsviðgerðum - Flotun o.fl.
Öll tilboð eru ykkur að kostnaðarlausu.
VIÐHALDSTAK ehf
sími: 7802838
Viðhaldstak ehf Kt: 5608191100 Vsk: 135577

Göngubraut kr. 79.000,-
Hámarks þyngd notanda: 100 kg.
12 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x123 cm.
Uppl. í síma 661-1902
Bíldshöfða 16, Rvk.
PREKTÆKI

VP Múrari ehf
Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.
Parketlögn og fleira.
Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu
Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com

EYJALIND
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Geymsluskúrar / gestahús til sölu
• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bástál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00

Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00



Námskeiðin hefjast 2. og 3. mars.

Verð á mann er 32.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskukólinn Háblame

Instagram: spaenskuskolinn_hablame



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Efnistaka í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi,
Reykjanesbæ og Grindavíkurbæ

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu ÍAV er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skiplag.is.



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Efnistaka í Rauðamel á Reykjanesi,
Reykjanesbæ og Grindavíkurbæ

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu ÍAV er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skiplag.is.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Söngleikur Verzlunarskóla Íslands

Sýnt í Austurbæ - Miðasala á Tix.is



Sýningar

20. feb. 2020 - fim.	20:00
01. mar. 2020 - sun.	16:00
05. mar. 2020 - fim.	20:00
15. mar. 2020 - sun.	16:00

Allasín
og kofralampinn

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík -3 11 °C K	Ísafjörður -6 12 °C K	Akureyri -7 4 °C ↑
Egilsstaðir -4 5 °C ↙	Kirkjubæjarkl -4 6 °C ↙	Hveravellir -12 4 °C ↘

Norðan- og norð-austanátt, víða 10-18 m/s í dag. El norðan- og austanlands, en bjart veður á Suður- og Suðvesturlandi. Frost 0 til 9 stig. Austlægari vindur á morgun og stormur syðst. Snjócoma með köflum við suðvesturströndina, annars úrkomulítið og kalt í veðri.

Föstudagur

Reykjavík -3 13 °C K	Ísafjörður -5 15 °C K	Akureyri -6 3 °C ↗
Egilsstaðir -4 6 °C ↓	Kirkjubæjarkl -2 13 °C ↙	Hveravellir -9 6 °C ↓

Laugardagur

Reykjavík -5 1 °C ↙	Ísafjörður -3 4 °C ↙	Akureyri -5 2 °C ↙
Egilsstaðir -1 5 °C ↙	Kirkjubæjarkl 2 3 °C ↓	Hveravellir -5 4 °C ↙

LÉTT

		1		4	2	6	9	
								7
3		7	5	9		2		4
1		8	9		7	3	5	
		6	3					
7		9	1					8
	9				8	7		
6		5		3				
8		3	4					

MIDLUNGS

	8	3		9		1		
9		5		8				
	7		6	5		4		
7	9	4	2	6	5			
			7			5		4
		2		3		9	6	
	1	9						2
					6		4	
	2							9

PUNG

			2	9	1		4	3
		7	3				2	
	3				6		9	
		2		8		5		
	5							
			9	1				6
5	3						7	
						9	6	8
8					7	4		

Krossgáta

LÁRÉTT

- Skjól
- Þjóta
- Snæðingur
- Fugl
- Tveir eins
- Málfæri
- Virki
- Álit
- Geymir
- Févana

LÓDRÉTT

- Dvælast
- Göfugur
- Ódagot
- Gengnar
- Tepur
- Dugnaður
- Neitun
- Umstang
- Tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. vend, 5. æða, 6. at, 8. fasan, 10. 11. 11. tilgerð, 9. atorka, 12. barn, 14. vas, 16. un.
LÓDRÉTT: 1. væflast, 2. eðal, 3. ras, 4. danar, 7. tal, 12. borg, 13. svar, 15. tankur, 17. snauð.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Kremenezki átti leik gegn Polejes í Moskvu árið 1973.

1...Dxb2+!! 2. Kxb2 Rd3+ 3. Ka3 Bb2+ 4. Ka4 Hxe4+! 5. c4 Hxc4+ 6. Kb3 Hc3+ 7. Ka4 Ha3# 0-1.

Íslandsmót kvenna hefst í kvöld í Sveinatungu við Garðatorg í Garðabæ. Flestar sterkustu skákkonur landsins taka þátt.

www.skak.is: Íslandsmót

2	5	6	3	1	8	7	4	9
4	7	1	2	9	6	5	8	3
8	9	3	4	5	7	1	2	6
9	1	7	6	3	4	2	5	8
5	8	4	7	2	9	6	3	1
3	6	2	1	8	5	9	7	4
6	4	5	8	7	1	3	9	2
7	2	8	9	6	3	4	1	5
1	3	9	5	4	2	8	6	7

4	5	7	3	2	8	1	6	9
8	9	2	1	7	6	4	3	5
1	3	6	9	4	5	8	2	7
6	8	5	7	3	1	2	9	4
7	1	4	8	9	2	3	5	6
9	2	3	5	6	4	7	1	8
5	6	8	4	1	3	9	7	2
3	4	9	2	5	7	6	8	1
2	7	1	6	8	9	5	4	3

5	3	6	1	4	7	2	8	9
1	7	8	9	6	2	5	4	3
2	4	9	3	8	5	1	6	7
6	9	2	4	5	3	7	1	8
7	5	3	8	9	1	4	2	6
8	1	4	7	2	6	9	3	5
4	6	1	5	7	8	3	9	2
3	8	7	2	1	9	6	5	4
9	2	5	6	3	4	8	7	1


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

SAMSUNG

TILBOÐSVEISLA Í ORMSSON!

Nú eru SAMSUNG sjónvörp á einstöku tilboði, **aðeins þessa viku.**

Hvaða stærð hentar þér?

Gildir til 29.2

QLED Q70

Stærð 65" Verð áður: kr.269.900,-
TILBOÐSVERÐ: **KR.249.900,-**



QLED Q70

Stærð 55" Verð áður: kr.199.900,-
TILBOÐSVERÐ: **KR.169.900,-**

QLED Q70

Stærð 75" Verð áður: kr.399.900,-
TILBOÐSVERÐ: **KR.349.900,-**



Eiginleikar

QLED Q70

- Quantum Processor 4K
- Quantum Dot
- Color Vol100%
- Q HDR
- Ultimate UHD Dimming
- Ambient mode

QLED Q70

Stærð 82" Verð áður: kr.649.900,-
TILBOÐSVERÐ: **KR.469.900,-**



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ORMSSON

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



Harley-Davidson Softail er nú boðinn í einfaldri Standard útgáfu til að keppa við Bobber hjólin.

Harley aftur í einfaldleikann

Harley-Davidson hefur kynnt nýtt Softail mótörhjul sem einfaldlega ber nafnið Standard. Hjólið er það ódýrasta sem Harley-Davidson býður upp á í Big-Twin deildinni og er svar merkisins við hjólum eins og Triumph Bobber.

Til að undirstrika einfaldleikann er hjólið með sólósæti og teinafelgum svo að fyrir þá sem vilja breyta hjólum sínum ætti Standard hjólið að gefa góðan grunn fyrir það. Standard kemur á 19 tommu að framan og 16 tommu að aftan og er aðeins boðið í svörtu. Vélin er Milwaukee-Eight V2 og er 107 kúbik-tommur eða 1.750 rsm. Hún skilar 145 Newtonmetra togi en hjólið er alls 291 kíló án vökvu. Gírkassinn er sex gíra Cruise Drive. Verðið á hjólinu í Bretlandi er 1.920.000 kr. í Bretlandi sem er 130.000 kr. ódýrara en Street Bob hjólið. Fjórir aukahlutapakkar verða í boði.



Eigendur Tesla Model 3 geta nú ekið með Auto stillinguna að degi til.

MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Teslur með ljósin að aftan

Með nýrri hugbúnaðaruppfærslu hjá Tesla sem kallast 2020.4.1 er tekið á vandamáli sem er mikið í umræðunni hérlandis.

Allir Tesla-bílar sem fengið hafa uppfærsluna munu núna vera með afturljósin virk þótt bíllinn sé á Auto-stillingu og með dagljósin aðeins að framan. Með því er komið í veg fyrir að eigendur bílanna geti átt von á 20.000 kr. sekt ef ljósin að aftan eru ekki kveikt, en það breyttist með nýju umferðarlögunum um áramót. Það sem er athyglisvert við þessa uppfærslu er að aðeins bílar staðsettir á Íslandi fá uppfærsluna og virðist Tesla geta skilgreint það sérstaklega með Geolocation-búnaði. Mun Jóhann G. Ólafsson hafa átt sinn þátt í að þetta var gert en hann hefur tvítað reglulega til Tesla vegna málsins auk þess sem að hann ræddi þetta sérstaklega við starfsfólk Tesla sem heimsótti Ísland vegna opunar söluskrifstofunnar hérlandis í september. Jóhann er formaður Rafbílasambandsins auk þess að skrifa reglulega pistla á Facebook undir heitinu Bensínlaus.



Tesla uppfærir hugbúnað bíla sinna reglulega gegnum netið.



Dacia-rafbíllinn mun að miklu leyti byggja á K-ZE rafbilnum sem Renault framleiðir aðallega fyrir Kínmarkað.

Dacia forsýnir rafbíl í Genf

Dacia-bílamerkið mun forsýna fyrsta rafbíl sinn á bílasýningunni í Genf. Bíllinn verður þó ekki frumsýndur í framleiðsluútgáfu fyrr en í lok næsta árs ef áætlanir Dacia ganga eftir.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Samkvæmt fréttum af bílnum er líklegt að um sé að ræða útgáfu af City K-ZE rafbilnum sem Renault framleiðir í Kína fyrir heimamarkað. Sá bíll kostar aðeins 1,1 milljón króna í Kína sem er ekki mikið fyrir rafbíl. Dacia byggir framleiðslu sína að miklu leyti á eldri tækni frá Renault til að geta boðið betra verð. Afleiðingin af því er sú að Dacia-bílar menga meira en aðrir og þar sem að merkið er undir Renault þarf franskir framleiðandinn að borga háar mengunarsektir á næsta ári til ESB.

Með því að setja rafbíl á markað vonast Renault til að geta lækkað kolefnisspor Dacia til muna. Að sögn talsmanna Dacia þarf nýi bíllinn að vera á lágu verði eins og aðrir Dacia bílar og talsvert undir Renault Zoe sem dæmi. K-ZE bíllinn er rafdrifinn útgáfa Renault Kwid smábilsins sem seldur er á Indlandi og í Brasilíu. Hann er byggður á CMF-A undirvagninum sem Renault deilir með Nissan. K-ZE er með 26,8 kWh rafhlöðu og er aðeins 921 kíló að þyngd. Að sögn talsmanna Renault er ekki útilokað að Dacia-rafbíll verði seldur í Evrópu og reyndar frekar líklegt. Renault mun einnig sýna rafdrifna útgáfu Twingo á bílasýningunni í Genf ásamt Morphoz tilraunabílnum og tengiltvinnútgáfu af Megane.



Renault mætir með tengiltvinnútgáfu af Megane á bílasýninguna í Genf.

Rafdrifinn Volkswagen sportbíl með nýrri rafhlöðutækni

Volkswagen-merkið ætlar að koma með nýjan sportbíl á markað á næstu árum sem líklegast fær nafnið ID.R en hann mun vera flaggskip í flóru rafdrifssportara frá merkinu. ID.R mun verða í bæði coupé og blæjuútgáfu að sögn heimildarmanna innan Volkswagen-samsteypunnar. Hann verður byggður á hinum fjölhæfa MEB undirvagni sem er hinn sami og er undir ID.3 sem væntanlegur er á markað á næstu vikum. Sömu heimildarmenn segja að bíllinn geti vel keppt við aðra kynslóð Tesla Roadster. MEB-undirvagninn er bæði fyrir framhjóladrif og afturdrif og hentar því sportbíl vel sem helst þyrfti að vera fjórhjóladrifinn með tveimur rafmóturum.

Porsche, sem einnig tilheyrir Volkswagen-samsteypunni, mun



Volkswagen ID.R rafbíllinn hefur verið prófaður í þaula sem keppnisbíl og nú stýttist í sportbílaútgáfu af honum sem byggir á undirvagni ID.3.

einnig vera að þróa rafdrifna útgáfu af Boxster-sportbílnum og ekki er ólíklegt að þessi verkefni séu samhliða í þróun þótt útkoman gæti verið mismunandi milli merkja. Hingað til hefur verið áætlað að rafdrifinn Boxster yrði byggður á sama PPE-undirvagni og Taycan sportbíllinn. Báðir bílarnir myndu geta nýtt sér nýja byltingarkennda rafhlöðu sem VW Group er að þróa og er byggð á reynslu þeirra úr mótorsporti. Volkswagen ID.R tilraunabíllinn hefur sett fjölda meta á undanföllum árum. Þessi leyndardómsfulla rafhlaða mun nota aðra efnasamsetningu en hingað til og verða sellurnar í rafhlöðunni einfaldari í umgjörð sinni sem mun einfalda alla notkun þeirra. Rafhlaðan mun henta vel fyrir bíla sem þurfa að nota mikla orku í langan tíma.

ALLT Í INNKAUPIN Á EINUM STAÐ!

KJÖTBORD

Grísabógur

499 KR/KG

ÁÐUR: 924 KR/KG

-46%



-40%



Nautalundir
Danish Crown

2.999 KR/KG

ÁÐUR: 4.999 KR/KG

-50%



Kjúklingalundir
Danpo - 700 gr

999 KR/PK

ÁÐUR: 1.999 KR/PK

-40%



Suðrænar
kalkúnasneiðar
Ísfugl

1.799 KR/KG

ÁÐUR: 2.999 KR/KG



Laxaflök
Beinlaus með roði

2.429 KR/KG

ÁÐUR: 2.699 KR/KG

-40%



KJÖTBORD

Grísalærleggir

599 KR/KG

ÁÐUR: 999 KR/KG

-20%



KJÖTBORD

Lambafille
2 stk í pk

4.399 KR/KG

ÁÐUR: 5.499 KR/KG

-28%



Marineraðar
kjúklingabringur
Ísfugl

2.015 KR/KG

ÁÐUR: 2.499 KR/KG

-20%



Berlínarbolla
65 gr

79 KR/STK

ÁÐUR: 99 KR/STK

BERJADAGAR

Úrval af berjum á 30% afslætti

-30%




VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 27. febrúar - 1. mars

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

27. FEBRÚAR 2020

Hvað? Tónleikar
Hvenær? 12.00
Hvar? Frikirkjan í Reykjavík
Þórunn Elfa Stefánsdóttir sópran og Julian Hewlett píanóleikari flytja bandarísk sönglög. Aðgangseyrir er 1.500 krónur (ekki er tekið við greiðslukortum).

Hvað? Ráðstefna
Hvenær? 13.00-17.00
Hvar? Hátiðarsalur Háskóla Íslands. Samtal um þjóðaröryggi: Fjölbáttaðgnir. Ráðstefnan fer fram á ensku.



Veggspjald eftir Natka Klimowicz.

Hvað? Myndlistarsýning
Hvenær? 17.00
Hvar? Borgarbókasafnið | Menningarhúsið Kringlunni
Á sýningunni má sjá veggspjöld eftir Natka Klimowicz, sem hún hefur unnið á síðastliðnum árum. Wazy Lizard mun flytja lifandi tónlist við opnunina.

Hvað? Inngrip – Myndlistarsýning
Hvenær? 17.00
Hvar? Galleri Grötta
Sýning Sigurðar Magnússonar „Inngrip“.

Dauðans skemmtun

LEIKHÚS

Útsending

★★★★★

Þjóðleikhúsið

Höfundur leikrits: Lee Hall.
Byggt á kvikmyndahandriti eftir Paddy Chayefsky
Leikstjóri: Guðjón Davíð Karlsson
Leikarar: Pálmi Gestsson, Birgitta Birgisdóttir, Próstur Leó Gunnarsson, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Sigurður Sigurjónsson, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Örn Árnason, Snæfríður Ingvarsdóttir, Arnar Jónsson, Edda Arnljótsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Hildur Vala Baldursdóttir og Gunnar Smári Jóhannesson
Leikmynd: Egill Eðvarsson
Búningar: Helga I. Stefánsdóttir
Lýsing: Halldór Örn Óskarsson
Tæknihönnun: Björn Helgason
Tónlist: Eðvarð Egilsson
Hljóðmynd: Aron Þór Arnarsson, Kristján Sigmundur Einarsson og Eðvarð Egilsson
Myndbönd og grafík: Ólöf Erla Einarsdóttir
Þýðing: Kristján Þórður Hrafnsson

Fréttastofur eru jafnaðar við jörðu og hringleikahús byggð í staðinn. Forsetar eru kosnir með aðstoð áróðurssjónvarpsstöðva. Spámennt ljósvakans hræða líftórana úr áhorfendum sínum á meðan þeir selja fæðubótarefni á heimasíðum sínum. Kynlíf og dauði selja auglýsingar. Áhorf skiptir öllu. Útsendingin er í beinni allan sólarhringinn. Þetta er fjölmiðlafrumskógur nútímans og hugmyndir sem eru tæklaðar í Útsendingu sem er leikstýrt af Guðjóni Davíð Karlssyni á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

Kveikir undir brjálseminni
Kvikmyndin Network var frumsýnd árið 1976 og margt hefur breyst í samfélaginu á síðustu 44 árum, sérstaklega hvað samfélagsmiðla varðar, en mannskepnan er ávallt söm við sig. Kvikmyndahandritið var skrifað af Paddy Chayefsky en Lee Hall skrifaði aðlögun fyrir sviði árið 2017, hann aðlagði einnig Shakespeare verður ástfanginn. Á yfirborðinu snýr söguþráðurinn að uppgjöf, upphafningu og örlögum fréttapularins Howards Beale en fjallar líka um umbreytingu fréttaplutnings í heiminum síðustu ára-



Hér vantar fjörið, tætinginn og orkuna, segir gagnrýnandi um Útsendingu. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

tugina og hvaða áhrif þessar breytingar hafa bæði á einstaklinga og samfélagið í heild sinni. Kristján Þórður Hrafnsson þýðir og hefur hann oft og tíðum verið ansi lunkinn í sinni vinnu en er ekki nægilega lipur hér; samtöl hökta, orðaval er stírt og samskipti milli persóna ná sjaldan því hraða tempói sem til þarf. Ekki góður grunnur fyrir handrit sem byggir á snörpum tilsvörum og stórum hugmyndum.

Pálmi Gestsson leikur þulinn Howard Beale sem er annaðhvort á barmi taugaáfalls eða hefur nýlega fengið uppljómun um hinn heilaga sannleika, kannski hvort tveggja. Til að byrja með virðist Pálmi frekar lumpinn í sínum leik en logandi, jafnvel óöruggur í hlutverki sínu. Um miðbik sýningar kveikir Pálmi undir brjálseminni og sýnir hversu magnaður leikari hann getur verið. Próstur Leó Gunnarsson er einn af hæfustu leikurum landsins en finnur sig aldrei í hlutverki Max. Sömuleiðis er metnaðarfulli dag-skrárgerðarstjórinn Diana, leikin af Birgittu Birgisdóttir, fremur einstrengingsleg og sjaldan sannfærandi.

Steinunn Ólína fer á kostum
Þessi óheilaga þrenning er umkringd aukapersónum sem eiga að dýpka heim verksins en þær virka frekar sem skammvinn skemmtun frekar en þrívíðar persónur. Atli Rafn Sigurðarson leikur hinn dólgslega Hackett og nær að spenna upp sínar senur en skilur lítið eftir sig. Hallgrímur Ólafsson á ágætis innkomur en áhorfendur kynast persónunni lítið. Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Edda Arnljótsdóttir sýna krafta sína í einstaka senum, þeirra hæfileika þarf að nýta miklu betur innan veggja þjóðleikhússins. Fjöldi frambærilegra leikara fer með smærri hlutverk í sýningunni þar á meðal Sigurður Sigurjónsson, Örn

Árnason, Snæfríður Ingvarsdóttir, Gunnar Smári Jóhannesson, Baldur Trausti Hreinsson og Arndís Egilsdóttir en yfirborðskend leikstjórn, sem rædd verður frekar hér á eftir, heftir þeirra vinnu.

Þó eru tveir leikarar í smærri hlutverkum sem verður að nefna sérstaklega. Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir fer á kostum í hlutverki Louise, eiginkonu Max. Í einungis tveimur atriðum tekst henni að skapa eftirminnilega, heilsteypta og lifandi persónu. Eiginlega er óskiljanlegt af hverju í ósköpunum Max tekur þá ákvörðun að fara frá henni. Arnar Jónsson sýnir sömuleiðis hvers hann er megnugur með tveimur þrumuræðum en atriðin hans eru ekki nægilega vel uppbyggð til að hann fái að njóta sín að fullu.

Skortur á snerpu

Handritið er uppfyllt af hugmyndum, ádeilu og húmor en hér vantar fjörið, tætinginn og orkuna sem fyrirfinnst í beinni útsendingu. Slíkt verður að skrifa á Guðjón Davíð sem nær aldrei föstum tókum á efninu. Metnaðurinn er kannski til staðar en samleikur leikaranna á sviðinu er sjaldan dillandi eða neistandi. Listræn nálgun hans er ekki nægilega afgerandi, uppbotin í sýningunni virðast tilviljunarkennd og af þeim sökum skortir sýninguna snerpu. Að auki má nefna að hvergi í auglýsingaefni Þjóðleikhússins birtist nafn Belgans Ivo van Hove, eins merkilegasta sviðsleikstjóra seinni tíma, eða hönnuðarins Jan Versweyveld sem komu að upphaflegu uppsetningunni. Fagurfræði þeirra eimar af sviðinu en útfærslan er útvötnuð.

Egill Eðvarsson er happafengur fyrir sýninguna samt sem áður, enda einn reyndasti sjónvarpsmaður landsins. Hann hólfar sýninguna fallega inn en samspil á milli hönnunar og leikstjórnar er ekki

nægilega gott. Sérstaklega þakklátt er að sjá verk Andy Warhol af Elizabeth Taylor í hlutverki Kleópötru á stofuvegg Arthur Jensen, visun í þær fimmtán frægðarmínútur sem Warhol sá fyrir. Björn Helgason sér um tæknihönnun sýningarinnar sem er stór í sniðum og flókin en hefði mátt nýta betur í listrænni framkvæmd.

Ólöf Erla Einarsdóttir sér um myndbönd og grafík sem leika stórt hlutverk í Útsendingu og njóta sín almennt vel, sérstaklega í senum Jensen, en þarf að virkja betur í heildartúlkuninni. Hljóðmynd og tónlist eru sömuleiðis ekki nægilega afgerandi. Verkefni Helgu I. Stefánsdóttur er ærið enda sér hún um að endurskapa fagurfræði sjötta áratugarins og gerir vel að mörgu leyti en því miður draga litríkir búningarnir, sem og fjölmörg öþörf búningaskipti, fókussinn frá söguþráðinum.

Saga fyrir okkar tíma

Hvað gerist þegar fréttasáparnir og spámennt samtímans heillast af áhorfendatölum og heilögum sannleika sem selur grimmt? Nýlega svipti ung sjónvarpskona í Bretlandi sig lífi en hún hafði um árabíl unnið í bresku sjónvarpi og nást frá byrjun verið hundelt af gulu pressunni. Caroline Flack er ekki fyrsta né heldur, því miður, síðasta manneskjan sem er fernað á altari áhorfsins og sorgleg áminning um eitradan heim æsifréttamennskunnar. Útsending er svo sannarlega saga fyrir okkar tíma, þar sem fjölmiðlar eru orðnir að hringleikahúsi skemmtunar, en þrátt fyrir ágæta frammistöðu leikaranna er úrvinnslan á þessu frábæra handriti gölluð og á endanum bitlaus. Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTADA: Orkulítil sýning sem liður fyrir yfirborðskenna leikstjórn.

Búningar

Okkar fókus

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Ný sýn á Kjarval

Á Kjarvalsstöðum er sýning á verkum eftir Jóhannes Kjarval sem innblásin eru af dvöl hans í stórborgum. Verk sem eru ólík því sem fólk á að venjast og þekkir eftir þennan merka og vinsæla listamann.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Edda Halldórsdóttir listfræðingur er sýningarstjóri sýningarinnar. Að utan sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. „Á þessari sýningu eru einöngungu verk sem Jóhannes Kjarval vann á erlendri grundu, í þeim fjór-um löndum þar sem hann dvaldi sem lengst og málaði hvað mest, sem eru England, Danmörk, Ítalía og Frakkland. Sýningin spannar verk frá árunum 1911-1928,“ segir Edda.

„Kjarval fór í sína fyrstu ferð til útlanda árið 1911, til London og það var mikið áhrifatímabil í lífi hans, mjög stutt samt, þrjú mánuðir. Það má segja að ferðin til London hafi verið undanfari þess að hann fór í formlegt nám í Kaupmannahöfn. Hann fór til Ítalíu árið 1920 í rannsóknarferð og síðan árið 1928 fór hann til Parísar. Það er til þó nokkuð af verkum frá þessum tímum og frá þessum stöðum. Þetta eru verk sem eru innblásin af dvölinni í þessum stórborgum.“

Eins konar tæknitilraunir

Edda segir sýninguna varpa ljósi á það hversu lærður og sigldur Kjarval var. „Fyrsta utanlandsferð hans var til London og það voru mikil umskipti fyrir íslenskan sveitapilt. Hann varð fyrir miklum áhrifum

og var á söfnum að skoða, skissa og teikna.

Hann ætlaði sér að verða myndlistarmaður og lagði mjög hart að sér til að komast til útlanda í nám. Í náminu í Danmörku náði hann mjög góðum tókum á teikningu. Í myndum hans frá þessum tíma sjáum við nákvæmar mannastúdíur og anatómískar teikningar sem eru eins konar tæknitilraunir.

Ferð hans til Ítalíu árið 1920 var ákveðinn liður í því að eflast sem myndlistarmaður. Þaðan eru margar mannamyndir af ítölskum konum og körlum sem urðu á vegi hans. Hann heillaðist líka af ítölskum arkitektúr og byggingum, eins og margar Ítalíumyndanna bera með sér.


Í einu rými í salnum eru síðan myndir frá Frakklandi, þetta er röð skógarmynda sem eru allar áþekkar.“

Hvorki hraun né mosi

Verkin á sýningunni eru töluvert ólík þeim verkum sem fólk á að venjast og þekkir eftir Kjarval. „Hér er hvorki hraun né mosi heldur eitthvað allt annað. Fólk myndi ekki endilega giska á að öll verkin væru eftir Kjarval,“ segir Edda. „Mörg þessara verka hafa verið sýnd, en ekki saman sem heild erlendra verka. Það var mikil rannsóknarvinna að finna þau. Hluti þeirra er úr safneign Listasafns Reykjavíkur en mikið er fengið að láni frá einstaklingum, söfnum og stofnunum.“



Edda segir sýninguna varpa ljósi á það hversu lærður og sigldur Kjarval var. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Myndir eftir Kjarval á sýningunni.

ÞAÐ ER TIL ÞÓ
NOKKUD AF VERKUM
FRÁ ÞESSUM TÍMUM OG FRÁ
ÞESSUM STÖÐUM

Töfradyrnar opnast

Gunni Helga og töfradyrnarhljómsveitin er yfirskrift viðburðar sem verður í Borgarbókasafninu í Gerðubergi klukkan 11.00-11.30 og safninu í Kringlunni klukkan 13.30-14.00 föstudaginn 28. febrúar. Aðgangur er ókeypis.

Flytjendur eru: Gunnar Helgason, Leifur Gunnarsson, Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir, Sunna Gunnlaugsdóttir og Rósa Guðrún Sveinsdóttir.

Eitthvað alveg svakalega dularfullt gerðist um daginn! Það kom í ljós að í gegnum skrytna hurð kemur af og til furðulegt fólk með enn furðulegri hljóðfæri. Fá krakkarnir



Gunnar Helgason skemmtir börnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

kannski að prófa hljóðfærin? Hefur pianóið skroppið saman? Mun einhver bresta í söng? Þetta kemur allt í ljós þegar töfradyrnar opnast. – kb

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir sérstaka styrki 2020

Ráðgjafarnefnd Orkusjóðs hefur ákveðið að styrkveitingar Orkusjóðs á árinu 2020 verði til verkefna samkvæmt b) lið 7. gr. reglugerðar nr. 185/2016 um Orkusjóð en þar segir:

„Styrkir til verkefna sem leiði til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis og mannvirkja í eigu sveitarfélaga.“

Til greina kemur meðal annars: Uppsetning varmadæla, uppsetning eða endurbætur hitastýringar- kerfa og önnur verkefni sem leiða til minni raforkunotkunar við hitun.

Um er að ræða fjárfestingarstyrki, sem hæst geta numið 50% af áætluðum kostnaði við einstök verkefni, þó að hámarki 5 m.kr.

Við mat á umsóknum verður sérstaklega litið til:

- Að verk- og kostnaðaráætlun sé vönduð og ítarleg.
- Að raunsætt mat sé lagt á áætlaðan raforkusparnað.
- Hlutfalls orkusparnaðar miðað við kostnað.

Umsóknarfrestur er til 6. apríl 2020

Skrifleg staðfesting á afgreiðslu umsókna mun berast umsækjendum eigi síðar en 6. júní 2020

Umsóknum skal skila rafrænt af vef Orkustofnunar www.os.is undir Orkusjóður

Nánari upplýsingar á www.os.is og hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Símar 569 6083 – 894 4280 – Netfang bjb@os.is

Sterkar,
mildar
og allskonar

- ✓ Ekkert hveiti
 - ✓ Ekkert soyja
 - ✓ Enginn sykurl
 - ✓ Ekkert MSG
- Íslenskt kjöt
Íslensk
framleiðsla



Pylsumeistarinn

– við Laugalæk

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.

20.30 Suðurnesja-magasín Vikurfréttu Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Um-sjón. Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.

21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtu-degi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur í stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Erniss með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Heilsugæslan Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsuárum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Gettu betur 1995 FAS - FÁ
14.00 Landinn 2010-2011
14.30 Ævi: Ungt fólk
15.00 Bannerðið
16.00 Lestarklefinn Þættirnir Exit, þýska myndin Systemsprenger, og sýning Sol LeWitt.
16.55 Matur. Gómsæt visindi
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.13 Anna og vélmennin
18.35 Handboltaáskorunin
18.47 Ormagöng. Geimverur Hvað er geimvera? Erum við geimverur? Sævar Helgi og geimgormarnir Sölvi Þór Jörundsson og Elisabet Ása Einarsdóttir ætla að svara þessum spurningum ásamt mörgum fleiri um verur í geimnum, hvar þær gætu verið og hvernig þær líta út.
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Andrar á flandri
20.35 Merkis dagar - Ferming Vores største dage
21.10 Gæfusmiður Stan Lee's Lucky Man III
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Ríkið The State Bresk spennuþáttaröð í fjórum hlutum sem segir sögu fjögurra Breta sem halda til Sýrlands og ganga til liðs við hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.10 Bjargið mér Save Me
23.55 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

06.30 European Tour Bein útsending frá Oman Open á Evrópumótariðinni.
08.35 Mexico Championship Útsending frá Mexico Championship á Heimsmótariðinni.
10.30 European Tour Bein útsending frá Oman Open á Evrópumótariðinni.
13.35 European Tour Oman Open
15.35 European Tour Oman Open
18.35 Inside the PGA Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótariðinni.
19.00 The Honda Classic Bein útsending frá The Honda Classic á PGA mótariðinni.
23.00 PGA Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Everybody Loves Raymond
13.25 The King of Queens
13.45 How I Met Your Mother
14.10 Dr. Phil
14.55 A.P. BIO
15.20 This Is Us
16.15 Malcolm in the Middle
16.35 Everybody Loves Raymond
17.00 The King of Queens
17.20 How I Met Your Mother
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 American Housewife
19.40 Single Parents
20.10 Með Loga
21.10 The Resident
22.00 The L Word. Generation
22.55 Love Island
23.40 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 Law and Order. Special Victims Unit
01.35 Wisting Hörkuspennandi norsk þáttaröð sem framleidd er í samstarfi við Sjónvarp Símans.
03.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit UngRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfegnir
19.00 Sinfóniukvöld. Á leið í tónleikasal
19.27 Sinfóniutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmur (15 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

08.40 Charlie and the Chocolate Factory
10.35 Snowden
12.45 A Quiet Passion
14.50 Charlie and the Chocolate Factory
16.45 Snowden
18.55 A Quiet Passion
21.00 Venom
22.50 My Dinner With Herve
00.35 Proud Mary
02.05 Venom

STÖÐ 2

08.00 Kevin Can Wait
08.25 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gossip Girl
10.10 Veep
10.35 Major Crimes
11.20 Hand i hand
12.05 Dýraspítalinn Frábær íslensk þáttaröð í umsjón Heimis Karlssonar. Við fylgjumst með eldklárum dýralæknum leysa hin ýmsu vandamál sem upp koma hjá fjölskylduvinum okkar þar sem baráttan er stundum upp á líf og dauða.
12.35 Nágrannar
13.00 Shallow Hal
14.50 Lego DC Comics Super Heroes. The Flash
16.15 Surf's Up 2. WaveMania
17.40 Bold and the Beautiful
18.01 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.51 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Curb Your Enthusiasm
20.00 Battle of the Fittest Couples
20.45 NCIS Geysivinsælir og léttir spennuþættir sem fjalla um Jethro Gibbs og félagar hans í rannsóknadeild bandaríska sjóhersins.
21.30 S.W.A.T.
22.15 Magnum P.I.
23.00 Steinda Con - Heimsins furðulegustu hátíðir
23.30 The Sinner
00.15 Homeland
01.05 Counterpart Howard Silk er vansæll fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann hefur unnið sama starfið í þrjátíu ár án þess þó að vita nákvæmlega tilgang vinnu sinnar.
02.00 Counterpart
02.55 Counterpart
03.50 Counterpart
04.45 Counterpart

STÖÐ 3

19.05 The Big Bang Theory
19.30 Divorce
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Supergirl
21.35 United Skates
23.00 The Simpsons
23.25 American Dad
23.50 The Big Bang Theory
00.10 Seinfeld
00.35 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.15 Atletico Madrid - Villarreal
08.55 Roma - Lecce
10.35 Braga - Rangers Útsending frá leik í Evrópu-deildinni.
12.15 Keflavík - Haukar Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
13.55 Lyon - Juventus
15.35 Real Madrid - Manchester City
17.15 Meistaradeildarmörkin
17.45 Espanyol - Wolves Bein útsending frá leik í Evrópu-deildinni.
19.50 Manchester United - Club Brugge Bein útsending frá leik í Evrópu-deildinni.
21.55 Braga - Rangers
23.35 Arsenal - Olympiacos Útsending frá leik Arsenal og Olympiacos.

STÖÐ 2 SPORT 2

19.50 Arsenal - Olympiacos Bein útsending frá leik í Evrópu-deildinni.

04
03
20

FM957

BYLGJAN
989

hlustendur verðlaunin 2020



gdrn



herra hnetusmjör



krummi



elisabet ormstev



emmsjé gauti



clubdub



grísalappalísá



hipsumhops



sérú þjóssi



friðrik dór

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

TIX.IS

Silfurberg, Harpa



BEIN ÚTSENDING // OPIN DAGSKRÁ

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Eucerin[®]

HÝALÚRONSÝRA

10%
VÍTAMÍN



NÝTT

MEIRI ÚTGEISLUN OG FRÍSKARA ÚTLIT
SÖNNUÐ VIRKNI Á 7 DÖGUM

Einlægnin er nóg fyrir Öldu Karen

Alda Karen setti allt á annan endann með möntrunni „þú ert nóg“. Hún verst persónulegum árásum með einlægninni og snýr nú aftur „geggjað spennt“ með nýjan fyrirlestur, ásamt fjórum valkyrjum frá New York.

Fyrirlesarinn og markaðsráðgjafi Alda Karen Hjaltalín setti allt á annan endann í fyrra þegar hún hélt fyrirlestur í Hörpu sem þræddur var á umdeildan og eldraudan þráð þar sem klifað var á „þú ert nóg“.

Hörðu viðbrögðin og deilurnar sem boðskapur Öldu Karenar vakti víða er sjálfsagt mörgum enn í fersku minni, en Alda Karen lætur hvorki það né annað raska ró sinni og er komin í heimsókn frá New York með nýjan fyrirlestur á öðrum nótum, þótt kjarninn í hugmyndafræði hennar sé enn sem fyrr að hún er nóg.

„Við erum klárlega óstöðvandi og það sem er svo geggjað við þessar dömur er að þær hafa allar náð ótrúlegum árangri fyrir þritugt, hver á sínu sviði, og framtíðin er svo sannarlega þeirra,“ segir Alda Karen um þær Guada Stewart, Emily Knesevitch, Sydney Lai og Marisa Peer, sem verða með henni í Silfurbergi í Hörpu á föstudaginn.

Öflugt net

„Við ætlum að fara svolítið djúpt í það á föstudaginn hvernig við getum verið opnari og aðgengilegri og hjálpað öðrum að koma sér á framfæri og þar af leiðandi hjálpa sjálfum okkur að koma okkur á framfæri,“ segir Alda Karen, sem að þessu sinni setur mikilvægi tengslanets fyrir fólk á framabraut í brennidepil.

Alda Karen kynntist framavinkonum sínum eftir að hún flutti til New York til þess að hasla sér völl og segir þær allar hafa reynst henni vel og kristalli þannig í sjálfu sér boðskapinn um hvernig eigi að nýta tengslanetið til að byggja upp farsælan feril.

„Það besta við þær allar er að þótt þær séu komnar ótrúlega langt þá eru þær enn að hamast á fullu og það er svo skemmtilegt að tala við fólk sem er á miðjum ferlinum. Þá eru bæði mistök og sigrarnir enn ferskir og það er einhvern veginn allt að gerast í einu,“ segir Alda Karen, sem segist langa til þess að gefa fleiri íslenskum konum tækifæri til að kynna þeim. Auk þess sem hún sé með þessu trú eigin boðskap um að best sé að deila reynslunni jafn-öðum og maður öðlist hana.

Læsti tönnunum í stóra eplið

Alda Karen flutti til New York fyrir þremur árum og var fljót að kynna fólk og renna stöðum undir fyrirtæki sín, AK Consulting og A-KAY media group. „Þegar ég kom til New York þekkti ég hvorki kóng né prest og þurfti bara svolítið að byggja upp nýtt líf og nýtt tengslanet frá grunni og það getur reynst frekar erfitt þegar maður er í nýju landi og þekkir engan.“

Trú eigin kenningum fór Alda Karen beint á stúfana í stóra eplinu og lagði sig fram um að hitta og kynna rétta fólk. „Ég hitti yfir hundrað fyrsta mánuðinn sem ég var þarna og langar bara að deila því hvernig ég gerði þetta og hvernig ég byggði upp fyrirtækið mitt.“

Þegar kemur að því að vefa tengslanet segir Alda fólk þurfa að geta stigið út fyrir þægindarammann. „Maður þarf að byrja á því að spjalla við fólk, hvort sem það er heima eða erlendis, kynna þvi og



Alda Karen segist hafa erfitt jafnaðar-geðið frá afa sínum, Þóroddi Hjaltalín, FIFA-dómara. „Hann kenndi mér að vera alltaf eins góður og maður mögulega getur við alla. Vegna þess að þin hegðun segir allt um þig og þeirra hegðun allt um þau.“

ÞAD BESTA VIÐ MIG ER AÐ ÉG ER BARA RÉTT AÐ BYRJA OG MÉR FINNST SVO FYNDIÐ AÐ FÓLK FATTAR ÞAD STUNDUM EKKI.

sjá hvað þú getur gert fyrir það og svo getur það kannski gert eitthvað fyrir þig og síðan byggirðu ofan á það.“

Skjól einlægninnar

Þegar Alda Karen er spurð hvaða þætti hún leggi mesta áherslu á í fagnaðararindi þessarar Íslandsheimsóknar segir hún einlægnina mikilvægasta ásamt kunnuglegum undirtón.

„Ég held að það sé eins og ég tala oft um, að um leið og þú nærð að telja þér trú um að þú sért nóg, þá verða þér allir vegir færir.“ Galdurinn sé að koma svolítið til dyranna eins og maður er klæddur. „Þú

kemur inn í samræður bara eins og þú ert og stundum nærðu tengingu og stundum nærðu ekki tengingu.“

Alda Karen bætir við að þvert á það sem ef til vill ætla mætti, þá veiti einlægnin styrk þótt hún geti vissulega virst vera veikleikamerki. „En það er svo geggjað að þegar maður er einlægur og maður sjálfur og það er ráðist á mann, þá hefur það minni áhrif en ef maður er ekki einlægur.“

Þannig að það er svo næs þegar þú nærð því að vita að þú sért nóg þá einhvern veginn hefurðu ekki þessa þörf fyrir að, hvorki verja þig, né þurfa endilega að segja þína hlið á sögunni.

Þú bara leyfir heiminum dálítið að gera það sem hann vill gera og svo heldurðu bara áfram að gera það sem þú ert að gera og þess vegna er ég komin aftur með annan fyrirlestur og allir í megafjöri og ég er geggjað spennt.“

Elskar öll mistök

Alda Karen leggur einnig áherslu á að mistök séu til þess að læra af þeim. „Ég elska öll mistök min. Ég get ekki elskað sjálfa mig án þess að

elska allt sem hefur komið fyrir mig og það getur verið ótrúlega erfitt,“ segir hún og bætir við að hún þurfi því oft að minna sig á þetta.

„Ég hef alveg átt mína erfiðleika og komið orðunum illa frá mér og svona og það er allt í lagi. Ég læri af því og held áfram og stundum er ég ógeðslega góð í þessu og stundum er ég alveg hræðileg í þessu. Lífið mitt er bara upp og niður eins og hjá öðrum.“

Það sem mestu skiptir er trúin á sjálfan sig og að maður sé nóg eins og maður er. „Það besta við mig er að ég er bara rétt að byrja og mér finnst svo fyndið að fólk fattar það stundum ekki alveg, en þetta eru, held ég, bestu rökin sem ég nota til þess að minna sjálfa mig á að læra að vera þakklát fyrir allt sem ég hef lent í.“

Það sem ég hef lært bara á síðasta ári mun sko hjálpa mér allt mitt líf og það að segja sjálfri mér þetta og minna mig á, hjálpar mér að vera þakklát fyrir allt sem ég hef reynt.“

Allt fram streymir

Alda Karen heldur áfram á þessum

nótum og gerist nokkuð skáldleg en þó með fyrirvara um að ekki sé ætlunin að gerast of andleg. „Ég hef talað um að leyfa bara lífinu að flæða. Ég veit að ég stjórna engu og það var þínu erfitt fyrir mig að komast á þann stað af því að mér finnst mjög gaman að stjórna hlutunum og finnst gaman að skipuleggja og gera allt og svoléiðis.“

Alda Karen segir hins vegar að svo komi bara að því að maður þurfi að svolítið að leyfa sér að gefast upp fyrir heiminum. „Og leyfa svolítið að taka mann í þetta ferðalag sem lífið er og án þess að ég vilji hljóma hallærisleg þá er engin rétt tíma-setning. Bara þín eigin tíma-setning og tíminn er eins og vatnið.“

Tíminn er alltaf alls staðar í fortíð, framtíð og nútíð. Vatnið er efst á jöklinum og það er líka neðst við sjóinn á sama tíma og án þess að vera eitthvað spiritúal þá held ég að pressan í samfélaginu um að það þurfi að tikka í öll boxin sé svo djúpstæð að maður upplifi að maður sé aldrei nóg og það tekur alveg tíma að telja manni trú um að maður sé nóg.“ toti@frettabladid.is



KOMBÓ TILBOÐ



1.090
KRÓNUR

90 G HAMBORGARI – EKKI ER
HÆGT AÐ STÆKKA TILBOÐIÐ

TILBOÐIÐ
GILDIR
27. FEBRÚAR
TIL 8. MARS

EL RENO

FRANSKAR + COKE 0,5 L + LION

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

SKAGASTRÖND
VARMHLÍÐ
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS





Raggi í góðum fíling að rifja upp gamla takta með aldavinum úr hinni dáðu Sumargleði.



Sígildur Raggi Bjarna með Milljónamæringunum, Bogomil Font, Ladda og Bjarna Arasyni.



Skemmtikraftarnir Ragnar Bjarnason, Ellý og Puriður Sigurðardóttir.



Við erum að kveðja svo ótrúlega skemmtilegan og hjartahlýjan kall. Fyrirmynd. Stórkostlegan skemmtikraft sem deildi með mér sviði í finasta galagleðskap, uppi á borðum á skemmtistöðum og allt þar á milli. Listamaður var hann, lag hans við ljóð Steins Steinars, „Barn“, gefur manni gæsaþúð bara við að minnast á það. Ég er svo þakklátur fyrir að hafa spilað svona mikið með honum seinustu árin. Það er ekki langt síðan við djöfluðumst seinast á sviði. Hann gladdi okkur fram á síðustu augnablik ævi sinnar. Ég vil ekki syrgja, heldur gleðjast yfir því hvað hann átti langt, fjörugt og gott líf sem einstakur gleðigjafi og frábær manneskja. Frá mínum bæjardrym séð er hann ekkert farinn, býst alveg eins við að fá simtal frá honum á eftir: „Sæll elsku venur minn, hvenær eigum við að fýra upp í næstu vitleysu?“

Erpur Eyvindarson
tónlistarmaður



Ég kynntist Ragga mjög óvænt, þar sem við vorum bókuð í sömu veislu og beðin um að taka lag saman, en ferill minn var nýhafinn. Við höfðum aldrei hist, ég fór út í bíl til hans og við renndum í lagið. Upphófst ótrúleg vinátta sem entist því miður of stutt, en við náðum þó nokkrum árum saman, ótal gígum, gerðum lag saman og fórum á mörg trúno.

Hér er þetta fyrsta gígg sem við áttum saman. Rétt áður sátum við saman út í bíl að æfa okkur og Raggi var alveg með það á hreinu að ég væri rétt að verða tvítug og hélt það svo alla tíð.

Salka Sól Eyfeld
söng- og leikkona

Goðsögnin Raggi Bjarna kveður

Ragnar Bjarnason, þekktastur í gegnum áratugina sem Raggi Bjarna, lést á líknardeild Landspítalans á þriðjudagskvöld, 85 ára að aldri. Með honum er genginn af sviðinu einn ástsælasti söngvari og skemmtikraftur þjóðarinnar, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Ragnar fæddist í Reykjavík árið 1934, sonur hjónanna Bjarna Einarssonar Bødvarssonar hljóm- sveitarstjóra og dægurlagasöngkonunnar Láru Ingibjargar Magnúsdóttur, sem einnig söng með Dómkórnum í marga áratugi.

Eftirlifandi eiginkona Ragnars er Helle Birthe Bjarnason. Börn þeirra eru Bjarni Ómar Ragnarsson, Kristjana Ragnarsdóttir og Henry Lárus Ragnarsson.

Raggi Bjarna hóf ferilinn í tónlist sem trommuleikari. Þegar hann var 16 ára söng hann fyrst inn á plötu, ásamt Sigurði Ólafssyni, og var í raun og sann söngvari tveggja alda, en hann var með hljóðnemann á lofti og hangandi hendi nánast fram á síðasta dag. Síðast lét hann að sér kveða á sviði í Hörpu 1. september í fyrra, þegar vinir hans og samstarfsfólk héldu hátíðartónleika til heiðurs honum 85 ára.

**Ragnar
Bjarnason**
1934 – 2020



Það eru fáir einstaklingar sem hafa haft jafnmikil áhrif á mig og Raggi Bjarna. Ég var bara barn þegar ég varð aðdáandi og það fannst vinum mínum skrytið, enda voru Sálin hans Jóns míns, Nirvana, U2 og fleiri aðalhljómveitirnar. En ég stóð fastur á mínu, enda var Raggi ekki bara frábær söngvari, hann var yndisleg manneskja. Ég ákvað að senda honum bréf og láta hann vita af því að það væri rauðhærður strákur í Bolungarvík sem væri aðdáandi og spurði hvort hann gæti sent mér plötu, þar sem lög Ragga voru ekki fáanleg í búðum á þessum tíma. Raggi svaraði mér og bréfið frá honum er rammað inn heima hjá mér. Hann sendi mér einnig mynd af Sumargleðinni og áritaða plötu.

Ég hef farið á alla tónleika sem hann hefur haldið, hvort sem það eru stórtónleikar eða lágstemmdir tónleikar í kirkjunni á Eyrbakka. Þar sem ég er tvígiftur, þá að sjálfsögðu kom Raggi og söng í báðum brúðkaupunum. Sagði við mig eftir seinna brúðkaupið að hann ætlaði sko ekki að koma í þriðja sinn.

Raggi gaf mér svo mikið. Hann gaf þjóðinni svo mikið. Einstakur maður.

Blessuð sé minning Ragnars Bjarnasonar.

Valdimar Víðisson
skólustjóri

NÓA

KRISP Í
HVERJUM BITA

NYTT



Hátíð fyrir sanna sækera

Pegar ljúffengt og lungamjúkt rjómasúkkulaði blandast litlum og stökkum krisp kúlum verður til bragðupplifun sem á engan sinn líka. Nóa Krisp er súkkulaði sem er gert fyrir sanna sækera, láttu það eftir þér.





Listamennirnir, Gunnar, Jódís, Marteinn, Inga María, Sigtryggur, Óli, Stefán, Harpa, Máney og Haraldur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Samsýning í Bríetartúni

Harpa og Inga María eru hluti af teymi 11 listamanna sem opna samsýningu á laugardaginn í gamla WOW air húsinu.

Harpa Einarsdóttir og Inga María Brynjarsdóttir eru tvær af 11 listamönnum sem verða með samsýningu í áhugaverðu rými í Bríetartúni 11 næstkomandi laugardag. Hópurinn samanstendur af listamönnum úr mismunandi áttum, en þeir deila vinnustofum í Bríetartúni 13 sem er annað tveggja húsa sem áður hóstu WOW air við Höfðatorg.

Harpa Einarsdóttir listakona, einnig þekkt sem Ziska, hefur lengi unnið við myndlist og tekið þátt í ýmsum skapandi verkefnum, meðal annars við leikhús og kvikmyndir. Hún er menntaður fatahönnuður og býr til fatalínuna Myrka. Hún hefur unnið mikið með Hatara síðasta árið, ásamt búningahönnuðinum Karenu Briem. Harpa sýnir verk unnin með blandadri tækni á sýningunni, verkin eru innblásin af bakteríum og vírusum sem verða að litríkum náttúruheimi í líkamanum.

„Við Inga María höfum þekkt lengi og vorum áður með sameiginlega vinnustofu í Komplexinum í Skipholti, þar sem margir skemmtilegir karakterar voru saman, meðal

MAÐUR VEIT ALDREI VIÐ HVERJU MÁ BÚAST ÞEGAR VIÐ INGA DETTUM Í SKÖPUNARGLEÐINA SAMAN.

annars Goddur, Egill Sæbjörns og Ragnar Helgi rithöfundur. Það var mikill söknuður þegar húsinu var breytt í Bónusverslun því við eigum ófáar skemmtilegar minningar af þessari skrautlegu listafjölskyldu og uppátækin voru ófá,“ segir Harpa.

Hún segir vináttu þeirra Ingu litast af mikilli sköpunargleði.

„Maður veit aldrei við hverju má búast þegar við Inga dettum í sköpunargleðina saman, við höldum einu sinni listamaraþon þar sem við teiknuðum og máluðum allan daginn og fólk gat komið og keypt af okkur nýsköpuð verkin. Kvöldið endaði svo í búningapartíi, þegar við vorum tvær með akrýl, málaði ég Ingu alla túrkísbláa og ljósmyndaði hana, úr því urðu bestu verk



Harpa Einarsdóttir er einnig þekkt undir listamannanafninu Ziska.

Eftirtaldir listamenn taka þátt í samsýningunni:

- Gunnar Gunnarsson
- Guðjón Kristinsson
- Haraldur Karlsson
- Harpa Einarsdóttir
- Inga María Brynjarsdóttir
- Jódís Hlökkversdóttir
- Marteinn Bjarnar Thordarson
- Ólafur Th. Ólafsson
- Sighvatur Andrés
- Stefán S. Hvitadal
- Sverrir Kristjánsson



Inga María er þekkt fyrir einstakar og surrealískar dýralífsteikningar.

kvöldins,“ segir Harpa og hlær.

Harpa tók við rúmgöðu stúdíói í Bríetartúni síðasta sumar.

„Áður en leið á löngu var Inga mín komin til mín. Ég átti ekki von á að karlarnir hér á hæðinni, sá elsti hátt í áttætt, yrðu svona miklir og góðir vinir okkar. Hvað þá að við myndum standa saman fyrir svona magnaðri sýningu í listrænni stjórn Bjarna Sigurbjörnssonar myndlistarmanns. Stefán S. Hvitadal er einstakur karakter og kallar sig meðal annars afa hundsins míns og dekrar hann út í eitt,“ segir Harpa.

Inga María er þekkt fyrir einstakar, surrealískar dýralífsteikningar, auk þess að vinna með fundin dýrahra sem eiga það til að stuða fólk svoltið. Inga mun sýna teikningar á sýningunni, stórar dýralífsteikningar og minni teikningar með brotnum eða ónýtum hlutum.

„Undanfarið hef ég verið að ferðast reglulega til Grænlands með Hröknum og kennt þar í hjálparstarfi, ásamt því að vinna við hleðslu og stígagerð í náttúru Íslands, sem ég nýti einnig í sköpun minni,“ segir Inga.

Sýningin er í Bríetartúni 11 og hefst á laugardaginn klukkan 17.00. Hún stendur til 15. mars.

steingerdur@frettabladid.is

BECK

02/06 Laugardalshöll

Sérstakir gestir **TWO DOOR CINEMA CLUB**

Miðasala hefst
á morgun kl. 12!

Dagskráin á Hringbraut

h



Listakona á tímamótum

Brynhildur Guðjónsdóttir, nýráðinn borgarleikhússtjóri, í einstaklega opinskáu samtali við **Sigmund Erni** í **Mannamáli** kvöldsins kl. 20:00. Stóra barnið sem var uppnefnt **feiti rass**, sjálfsgagnrýnin, feimnin og **frægðin**, listalífið, skilnaðurinn við **Atla Rafn**, mál hans í **Borgarleikhúsinu**, nýja ástin, traustið og **áskoranirnar** sem blasa við í **leik og starfi ...**

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!



Í dag kemur út fyrsta lagið frá tónlistarmanninum dirb, Ingva Rafni Björgvinssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mömmu að þakka að ég hélst í tónlistinni

Í dag kemur út lagið Blow Out, en það er fyrsta sólólag tónlistarmannsins **Ingva Rafns Björgvinssonar**. Hann kemur fram undir nafninu dirb. Lagið gerði hann með tónlistarkonunni MSEA.

Tónlistarmaðurinn Ingvi Rafn ólst upp í Kársnesinu í vesturbæ Kópavogs. Hann segist alla tíð hafa verið að sýsla við tónlist þótt það hafi ekki endilega verið planið að verða raftónlistarpróduer.

„Ég var í Kársnesskóla sem krakki og þar var kórskylda frá 4.– 7. bekkjar. Eftir á að hyggja er ég mjög þakklátur fyrir það. Þórunn Björnsdóttir sá lengi vel um kórastarfið í Kársnesskóla, í um 40 ár, og kann ég henni miklar þakkir fyrir, hún var mjög hvetjandi og fljót að sjá að við vorum nokkrir krakkar í árganginum sem vorum farnir að glamra á hljóðfæri og semja tónlist. Hún gekk til skólástjórans og krafðist þess að fá styrk til að kaupa rafmagnsgítar, rafbassa, trommusett og hljóðnema. Hún henti upp dótinu fyrir okkur og gaf okkur lykjavöldin að tónmenntastofunni, svo við gátum æft þegar við vildum,“ segir Ingvi.

Þakklátur foreldrunum
Samhliða hljómsveitabröltinu á barnsaldri lærði Ingvi á klassískan kontrabassa.

„Það var mikið húllumhæ á heimilinu þegar ég kom heim af hljóðfærakynningu skólans og sagðist ætla að læra á kontrabassa. En það þýddi náttúrulega endalaust skutl fyrir mömmu og pabba með kontrabassa í skottinu,“ segir Ingvi og bætir við hvað hann sé einstaklega þakklátur foreldrum sínum fyrir stuðninginn í gegnum árin.

„Það er fyrst og fremst einni manneskju að þakka að ég hætti aldrei í tónlistarnámi, Aðalheiði móður minni. Það er kannski smá

MAÐUR VAR ÞÁ KANNSKI AÐ SPILA VIVALDI MEÐ STRENGJASVEIT KÓPAVOGS UNDIR STJÖRN UNNAR PÁLSDÓTTUR OG IRON MAIDEN MEÐ MAGNUM SÍÐAR UM KVÖLDIÐ.

klisja en dagsatt. Ég var ekki alltaf duglegur að æfa mig heima en hún var alltaf tilbúin að taka slaginn, á hverju einasta ári, og telja mig á að taka eitt ár í viðbót. Ég bara skil ekki hvernig henni tókst þetta, en ég er þakklátur þessari miklu þrautseigju hennar,“ segir Ingvi og brosir.

Iron Maiden og Vivaldi

Hann segir æskuna litaða af tónlistinni. Kóræfingar, kontrabassatimar og hljómsveitaræfingar.

„Ég var í unglíngahljómsveitinni minni Magnum, en hún á enn stóran stað í hjarta mínu. Maður var þá kannski að spila Vivaldi með Strengjasveit Kópavogs undir stjórn Unnar Pálsdóttur og Iron Maiden með Magnum síðar um kvöldið,“ segir Ingvi.

Hann hefur hingað til alltaf spilað í hljómsveitum og dirb er í raun hans fyrsta einstaklingsverkefni.

„Leiðin að minni fyrstu sólóútgáfu hefur tekið langan tíma en þó hefur ferlið og þróunin verið nokkuð náttúruleg. Ég byrjaði að fíka við tölvutónlist í kringum 2013 en var þá enn fókuseraður á að vera bassaleikari. Svo er það eitt sumarkvöld 2015 að grunnurinn að laginu

Blow Out verður til. Ég man að það var svolítið sérstök og óskiljanleg tilfinning, en í senn svo góð,“ segir Ingvi.

Pungavígtarlið

Í janúar fyrir ári fór Ingvi svo að leita að fólki til að vinna með.

„Ég átti frábæran fund með Eðvarði Egilssyni og landaði honum til að taka upp söng með mér. Hann er náttúrulega þungavígtar tónlistarmaður.“

Ingvi er í hljómsveitinni Oyama, en í henni spilar hann á bassa.

„Við vorum að hita upp fyrir tónlistarkonuna MSEA í Iðnó. Röðdin hennar heillaði mig alveg upp úr skónum og ég spurði hana eftir tónleikana hvort ég mætti senda á hana einn grunn til að hlusta á. Henni leist vel á og kom svo í stúdíóið „Sprungu“ til okkar Edda og skilaði af sér alvöru frammistöðu,“ segir Ingvi.

Framtíðin er björt og Ingvi ætlar að halda ótrauður áfram að skapa tónlist og gefa út.

„Ég er með nokkur lög klár á lager og ætla að lauma þeim út hægt og rólega yfir árið. Ber þar helst að nefna að mér tókst að vekja Köttinn úr dvala, Kött Grá Pjé, og svo kom hún Guðrún Ýr, GDRN, og söng inn á lag hjá mér. Katerina Blautova skapaði svo myndheiminn í kringum nýja lagið, hún á hann skuldlaust og ég er virkilega ánægður með hennar framlag til verkefnisins.“

Blow Out með dirb ásamt MSEA er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum. Myndbandið við lagið er frumsýnt í dag á vef Fréttablaðsins. steingerdur@frettabladid.is

BYKO

Komdu og gramsaðu!

MARKAÐS-DAGAR ERU BYRJADIR

Við bætum við nýjum vörum daglega.

Gerðu frábær kaup!

Birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbreyting.

Tilboðsverð**Járnhillur**

180x100x30cm, 5 hillur.

5.000

38910114

Almennt verð: 6.295

20%**RYOBI****Tilboðsverð****Rafhloðuborvél**

Sett. R18DD5, tvær rafhlöður.

35.000

7133004297

Almennt verð: 44.995

22%**49%****Tilboðsverð****Brenniubbur**

950g.2T.

200

42308346

Almennt verð: 394

**Tilboðsverð****Geislahitari**

600W hangandi.

6.000

50615006

Almennt verð: 9.995

40%**19%****Tilboðsverð****Áltrappa**

2 þrep.

3.500

50170182

Almennt verð: 4.315

**Tilboðsverð****PYREX****Grillpanna**Viðloðunarfrí grillpanna,
28cm. Ryðfrítt stál.**4.000**

41114847

Almennt verð: 6.595

39%**Nýtt**

Ertu á leið í framkvæmdir?

Framkvæmdaráðgjöf fyrir einstaklinga er ný þjónusta í samstarfi við Heildstæða hönnun

Við kynnum þjónustuna í verslun BYKO Breidd laugardag og sunnudag frá 13:00 til 16:00.

Gísli Álfgeirsson veitir alhliða ráðgjöf varðandi allt sem þarf að hafa í huga í framkvæmdum, t.d. hvort ný eldhúsinnrétting kalli á frekari breytingar, hvort kalla þurfi til smið, pípara eða rafvirkja, hversu langan tíma framkvæmdin taki eða hver er mögulegur kostnaður.

Heildstæð Hönnun er framsækið hönnunar- og ráðgjafafyrirtæki sem hefur úr að ráða arkitekta og hönnuði til hverslags bygginga.

Engin verk of stór eða lítil

Skráðu þig á:

www.byko.is/framkvaemdaradgjofÍSLENSKA
ÁNÆGJU OGIN

Ánægðustu viðskiptavinirnir þriðja árið í röð!*

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018 og 2019 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

Takk aftur!**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is



VIKUTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

MEGA hornsófi

Kósi hornsófi í slitgóðu áklæði sem fæst í þremur gráum tónum. Sófinn fæst í hægri eða vinstri útgáfu. Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veitir þér enn meiri þægindi.

Stærri: 296 x 241 cm. Fullt verð: 239.990 kr.

Minni: 257 x 241 cm. Fullt verð: 219.990 kr.

Stærri **191.920 kr.** Minni **175.920 kr.**

KOLDING

hægindastóll
með skemli



VIKUTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli.
Svart, rautt eða dökkgrátt leður/PVC.

Fullt verð leður: 119.900 kr.



Stillanlegur hægindastóll
með skemli. Svart, rautt eða dökkgrátt áklæði.

Fullt verð áklæði: 89.900 kr.

Áklæði aðeins:

Leður aðeins:

67.425 kr. **89.925 kr.**

VIKUTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



LICATA hornsófi

Hornsófi úr mjög sterku koníaksbrúnu eða steingráu bonded leðri. Hægra eða vinstra horn. Sterkir fætur úr svörtu járn. Stærð: 262 x 226 x 82 cm.

Fullt verð: 249.990 kr.

Aðeins **199.992 kr.**



VIKUTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



BOGGIE 3ja sæta sófi

Skemmtilegur 3ja sæta sófi í sígildu útliti.
Fáanlegur í nokkrum litum. Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

Fullt verð: 99.990 kr.

ATH!
Ekki alltaf
allir litir til
á lager

Aðeins **79.920 kr.**

BOGGIE

hæginda-
stóll

VIKUTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



Fáanlegur í sömu litum
og Boggie sófar

Fullt verð: 54.900 kr.

Aðeins **43.920 kr.**

ÁTTU VON Á GESTUM?

Fjölbreytt úrval svefnsófa



VIKUTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

BARCELONA svefnsófi

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Þar liggur heil (laus) 194x140x13 cm svampdýna sem fylgir. Svefnsófi sem fer vel með gestina. Fæst blágrænn og ljós- eða dökkgrár.

Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **159.920 kr.**

PURE COMFORT

Fibersæng & fiberkoddi

PURE COMFORT koddur

Fullt verð: 3.900 kr.

Aðeins kr. 2.925 kr.

PURE COMFORT sæng

Fullt verð: 9.900 kr.

Aðeins kr. 7.425 kr.

VIKUTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

Sæng + koddur,
tvennutilboð fullt verð: 13.800 kr.

Aðeins **9.900 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni
eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

OPÍÐ Á
SUNNUDÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

Vikutilboð

27. feb. til 4. mars

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF
OPIN**

RÝMUM FYRIR NÝRRI GERÐ

Perfect-T stillanlegur botn með 25% afslætti



Aukahlutur á mynd: Simbakoddi

VIKUTILBOÐ

25%

AFSLÁTTUR
Perfect-T
stillanlegum
botni

- ❖ Vandaður, stillanlegur botn sem fullkomnar slökun þína.
- ❖ Botninn dregst að vegg þegar honum er lyft svo höfuðsvæði helst á sama stað.
- ❖ Á þráðlausri fjartsýringu getur þú fest þína bestu stellingu í minni.
- ❖ Enda- og hliðastopparar sjá til þessa að dýnurnar hreyfast sem minnst.

Verðdæmi A
90 x 200 Perfect-T botn (25% afsl.) með
Rest Luxury heilsudýnu (20% afsl.)

Fullt verð: 218.900

Verðdæmi B
90 x 200 Perfect-T botn (25% afsl.)
með Simba heilsudýnu

Fullt verð: 269.990 kr.



ÞRÁÐLAUS
FJARSTÝRING



ENDA- OG
HLIÐARSTOPPARAR



USB
TENGI



Aðeins **166.170 kr.**

224.240 kr.

DORMA

Láttu drauminn rætast



550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg. ehf

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Thomasar
Möller



Kolefnisorðspor

Gönguferð um Hornstrandir í fyrra opnaði augun mín fyrir gríðarlegu verðmæti ósnortinnar náttúru. Orðspor landsins okkar sem umhverfsvæns lands með hreinu lofti, ómengdu vatni og óspilltri náttúru, er líklega verðmætasta auðlind okkar. Við stærum okkur af því að um 99% orku sem nýtt er til húshitunar og rafmagnsframleiðslu á landinu komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Ferðalöndurinn er orðinn okkar stærsta atvinnugrein. Útflutningstekjur hans eru um 500 milljarðar króna á ári sem samsvavar tekjum af sjávarútvegi og álframleiðslu samanlögðu.

Við verðum að vernda orðspor okkar sem náttúruparadís, þar sem umgengni um náttúruna er til fyrirmyndar og umhverfismál eru ávallt í fyrirrúmi. Við lofum ferðamönnum sem heimsækja okkur að þeir muni upplifa landið sem umhverfsvænt og óspillt. Það er eins gott að við getum staðið við það loforð.

Í skýrslu sem má finna á vef Hagstofunnar frá 7/11 2018 kemur fram að Ísland er með stærsta kolefnisspor landa í ESB og EFTA eða um 17 tonn á mann á ári. Svíþjóð er í 25. sæti með aðeins um fimm tonn á mann. Í rannsókn sem HÍ kynnti nýlega kemur fram að svokallað neysludrifið kolefnisspor Íslendinga er það mesta í þróunarríkjum heimsins. Það hefur sem sagt verið staðfest að við erum einir mestu framleiðendur koltvísýrings í heiminum á mann. Ef allir jarðarbúar hegðuðu sér eins og við Íslendingar þá væri líklega óbúandi á jörðinni.

Vissulega eru atvinnuvegir okkar, einkaneysla og lífskjör mjög kolefnisfrel. Við getum minnkað útblástur og kolefnisspor með ýmsum hætti. Það ætti að vera forgangsmál stjórnvalda, fyrirtækja og almennings að minnka þetta sótspor og vernda þannig okkar góða náttúruorðspor.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

ISGERÐ
SKUBB
REYKJAVÍK



Laugarásvegi 1

Njóttu

Þarf aðeins að hita!

HEIMILIS- KOKKURINN ELSKAR

Þykkvabæjar

